

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknarsvið



Fornleifaskráning í landi Breiðabólstaðarbæja í Suðursveit

Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

2020



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	5
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar.....	7
Breiðabólsstaður í Suðursveit.....	9
Fornleifaskráning	13
Samantekt	83
Lokaorð	85
Heimildir.....	87
Viðauki I.....	89
Viðauki II.....	95

**Mynd á forsiðu: Hali í Suðursveit um 1960. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft 1990-1-38).*


Inngangur

Breiðabólstaður í Suðursveit er ein af landnámsjörðum í Austur-Skaftafellssýslu.¹ Samkvæmt Landnámu er Hrollaugur fyrstur norrænna manna til að setjast að í Suðursveit en hann nam land frá Horni að Kvía og bjó að Breiðabólstað í Fellshverfi. Búsetusaga jarðarinnar spannar því rúmlega 1100 ára tímabil. Í máldögum kirkjunnar að Kálfafellsstað í Suðursveit frá 14. öld er getið hálfkirkju að Breiðabólstað og er talið að hún hafi staðið þar fyrir víst allt fram undir 1600.² Á 18. öld byggðust tvö býli út úr heimajörðinni, Gerði (Breiðabólstaðagerði) og Hali (Breiðabólstaðahali). Býlin þrjú eru gjarnan nefnd Breiðabólstaðartorfan.

Í dag eru fjögur býli skráð á torfunni samkvæmt fasteignaskrá, Breiðabólstaður 1 (L-160112), Breiðabólstaður 2 Gerði (L160114), Breiðabólstaður 3 Lundur (L-160115) og Breiðabólstaður 4 Hali (L160116).³ Þar að auki eru skráðar a.m.k. 5 íbúðarlóðir.

Fjölbreytt ferðaþjónusta er starfrækt innan allra býlanna ásamt hefðbundnum landbúnaði. Samkvæmt nýrri deiliskipulagstillögu fyrir svæðið á m.a. að styrkja þessa starfsemi með nýjum skilgreindum lóðum innan heimatúna, en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir ofangreint svæði.⁴

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var gerð fornleifaskráning í landi Breiðabólstaðabæja vegna deiliskipulagsgerðar eins og lög um menningarminjar kveða á um.⁵ Farið var á vettvang í ágúst og september 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Staðsetning Breiðabólstaðar í Suðursveit, merkt með rauðum punkti. Heimild:LMÍ, kortagrunnur IS50v.

¹ Landnáma, kafli 83.

² Íslenskt Fornbréfasafn II, bls. 772.

³ Þjóðskrá 2019, fasteignaskrá.

⁴ Gláma-Kím 2019, óbirt gögn.

⁵ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Tilgangur fornleifaskráningar er verndun menningarminja í eigin umhverfi.⁶

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ). Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer sem úthlutað er af Minjastofnun Íslands og númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Sérheiti fornleifar er tekið fram ef eitthvert er.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra.

er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild um minjar að ræða er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20–50 m óvissu.

Í eftirfarandi skráningu hefur upplýsinga verið leitað í helstu heimildir yfir Breiðabólstaðartorfuna, m.a. Örnefnaskrá, Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu og ekki síst í sagnabrunn bræðranna Þórbergs og Steinþórs Þórðarsona frá Hala. Þeir lýstu báðir minningum frá uppvaxtarárum sínum á torfunni, um staðhætti, náttúru, menningu og mannlíf. Auk þess bjó Steinþór á Hala öll sín búskaparár og miðlaði dýrmætum vitnisburði með frásögnum sínum.

Breiðabólstaður í Suðursveit

Breiðabólstaðarbærir standa í sama túni undir hamrabeltuðu Breiðabólstaðarfjalli í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu. Býlin eru þrjú, Breiðabólstaður, Gerði og Hali, og gjarnan er talað um heimalönd þeirra sem Breiðabólstaðartorfan.

Undirlendið er lítið meðfram Breiðabólstaðarfjalli að austan en breikkar undir samnefndum klettum. Breiðabólstaðartorfan er slétt tún sem verið hefur stærra fyrr á tímum, þar sem ágangur vatns hefur sorfið af túninu vestan megin í gegnum tíðina.⁷ Heimalönd bæja á torfunni afmarkast af lóni miklu til suðurs, Breiðabólstaðarlóni, í vestri við Borgarhraun og við Markaleiti í austri, sem eru jarðarmörk Sléttaleitis og Breiðabólstaðar.⁸ Í dag tilheyrir Sléttaleitislandið Breiðabólstað en ekki er lengur búið að Sléttaleiti og nýta bændur Breiðabólstaðatorfu landið.⁹

Búsetusaga Breiðabólstaðar nær allt aftur til landnáms tíma Íslands og lýsir því fyrstu byggð norrænna manna í Suðursveit.¹⁰ Breiðabólstaðar er getið í Landnámu sem landnámsjarðar Hrollaugs, sonar Rögnvaldar jarls af Mæri í Noregi. Hrollaugur bjó að Breiðabólstað í Fellshverfi, hann var mikill höfðingi, ættstór og hélt vinskapi við Harald Noregskonung eftir komuna til Íslands.¹¹ Hrollaugur nam land í Hornafirði, allt frá Horni til Kvíár. Í fyrstu reisti hann sér bæ við Skarðsfjörðinn en ekki er vitað hvar sá bæ hefur staðið. Ástæðan fyrir því að Hrollaugur flytur sig um set að Breiðabólstað þykir ekki ljós.¹² Landnám Hrollaugs þótti með ólíkum hætti en annarra landnámsmanna, hann seldi og gaf mönnum af landi sínu, allt land sitt austan Borgarhafnar og vestan Jökulsár að Kvíá.¹³

Í máldögum kirkjunnar að Kálfafellsstað í Suðursveit frá 14. öld er getið hálfkirkju að Breiðabólstað og er talið að hún hafi staðið þar fyrir víst allt fram undir 1600.¹⁴ Hennar er ekki getið í máldaga frá 1708.¹⁵ Engar heimildir eru fyrir staðsetningu kirkjunnar á jörðinni en árið 1960 fundust mannabein í jörðu, suðvestan við gamla bæjarstæðið og þykir líklegt að þarna hafi komið í ljós grafreitir frá því fyrir 1362.¹⁶ Því til stuðnings er að beinin lágu undir ljósu vikurlagi frá Öræfajökulsgosinu 1362.

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1708-1709 segir: „Breiðabólstaður. Bónða eign. xxx hdr. Landsk. iij hdr. Kúg. ekkert, en hafa verið 2 til forna. Hér hefur veri hálfkirkja til forna. Afrétt á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli. Item skóg og grasatekju á Hvannadal í Breiðabólstaðarfjalli. Reka á jörðin fyrir nokkrum parti landsins. Selstöðu á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli. Reka ítak á jörðin á hálfri Vindásfjöru í mót Kálfafellsstað. Skógar ítak í Vindásbotnum í Steina landi. Beit xvij nautum um sumar á Borgarhafnarheiði. Beit xvij hrossum í Sævarhóla landi. Hálfsmánaðarheit öllum búsmala í bæði mál í Hóla landi.“¹⁷ Á sama tíma áttu nokkrar jarðir ítök í Breiðabólstaðarfjalli, m.a. Reynivellir, Fell og Kálfafellsstaður.

⁷ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 2.

⁸ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 225.

⁹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 225-226.

¹⁰ Landnáma, kafli 83.

¹¹ Landnáma, kafli 83.

¹² Einar Ó. Sveinsson, 1948 bls. 73.

¹³ Landnáma, kafli 83.

¹⁴ Íslenskt Fornbréfasafn II, 1893 bls. 772.

¹⁵ Íslenskt Fornbréfasafn XV, 1947-50 bls. 701.

¹⁶ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

¹⁷ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 31.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er dýrleiki Breiðabólstaðar skráður 30 hndr sem fyrr, með Gerði og Hala sem metin eru á 7,5 hndr hvort.¹⁸

Tvíbýli var á Breiðabólstað árið 1703, en á fyrri hluta 19. aldar er þar einbýli.¹⁹ Árið 1857 varð tvíbýlt á ný þegar Suðurhús voru reist vestan við Breiðabólstaðabæinn og stóðu bæirnir saman, Austurhús og Suðurhús.²⁰ Í manntali 1703 er ekki getið um Hala en vitað er fyrir víst að búseta er hafin þar seinna á 18. öldinni.^{21,22} Tvíbýli var á Hala til skamms tíma fyrir 1800, húsmannsbýlið Litli-Hali stóð suðvestur af Halabænum.²³ Hefur því verið einbýli að Hala megnið af búsetutíma þess allt fram til 1939, þegar nýbýlið Lundur var reist. Heimildir eru um búsetu á Gerði allt aftur til 1703.²⁴ Að öllum líkindum hefur ávallt verið einbýlt á Gerði og hefur oftast verið mikill skyldleiki milli ábúenda Gerðis, Hala og Breiðabólstaðar. Börn tóku við búskap foreldra sinna og systkini bjuggu sitt á hvorum bænum.

Fram yfir aldamótin 1900 voru flest öll bæjarhús í Suðursveit byggð úr torfi og grjóti en það var nærtækasta byggingarefnið.²⁵ Flest húsín voru þiljuð að mestu leyti að innan og með þilstöfnum fram á hlaðið, eða með framhlið úr timbri. Timburhúsin, síðar steinhús tóku við af torfbæjunum á fyrstu áratugum 20 aldar.²⁶ Fjárhús voru úr torfi og grjóti, byggð fyrir fátt fé á víð og dreif um hagana til að auðvelda frá þeim áburðargjöf á túnin.²⁷ Sumstaðar voru engin hús en fjárborgir reistar við hæð, klöpp eða helli. Þannig nýttist jörðin betur og þurfti minna hey.²⁸ Síðar voru fjárhúsin byggð saman, þau stækkuð og hlöður reistar við húsín. Samkvæmt búnaðarskýrslum frá 18.öld voru túngarðar hlaðnir á Breiðabólstað, árin 1779 og 1786.²⁹

All víða í Suðursveit var búskap þannig háttað að bændur stunduðu jafnframt sjósókn með landbúnaði.³⁰ Þrátt fyrir hafnleysu og erfið skilyrði var sóttur sjór þegar gaf. Kepptust bændur við að eiga hlut í skipi, hálfan á móti heilum hlut formanns. Þannig háttaði einnig til á Breiðabólstaðarbæjum, stutt var á fengsæl mið og róið var frá góu og fram að sumarbyrjun.³¹ En flest skip sem sóttu miðin á vetrarvertíðum, frá Eystrahorni til Ingólfshöfða fyrir miðja 19. öld voru franskar seglskútur. Fjöldi þeirra lenti í hrakningum í vetraróveðrum og elstu frásagnir af skipsströndum við strönd Suðursveitar eru frá 1867.³² Á tímabilinu 1867 til 1925 eru skráð a.m.k. tólf skipsströnd, flest þeirra urðu án manntjóns. Atburðirnir þóttu ávallt miklir viðburðir í sveitinni.³³ Allir sem stóðu að björgun áhafnar og farms fengu laun fyrir störf sín. Skipsströndin báru heimamönnum margvísleg aðföng, svo sem ýmis matvæli en ekki síst efni sem nýta mátti til húsbygginga og annarra framkvæmda. Timbur, járn, reipi og segl, saltfiskur,

¹⁸ J. Johnsens, 1847 bls. 2.

¹⁹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

²⁰ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 182.

²¹ Manntal á Íslandi árið 1703, 1924-1947 bls. 433.

²² Manntal á Íslandi 1816, 1947 bls. 117.

²³ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 234.

²⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 237.

²⁵ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 140.

²⁶ Páll Þorsteinsson, 1981 bls. 122-123.

²⁷ Páll Þorsteinsson, 1981 bls. 111.

²⁸ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 139.

²⁹ Einar Bragi, 1974 bls. 53.

³⁰ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 136.

³¹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 136.

³² Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 138.

³³ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 137.

kartöflur, brauð og salt, að ógleymdu koníaki og rauðvíni.³⁴ Hagir heimamanna vænkuðust því töluvert í kjölfar skipsstrandanna.



Mynd 2. Horft suðvestur yfir Breiðabólssstaðartorfu frá Steingrímsborgum í hlíðum Breiðabólssstaðarfjalls. Hali og Lundur fyrir miðri mynd, Gerði til vinstri og Breiðabólssstaður 1 stendur við bakka lónsins. Þórbergssetur er lengst til hægri á mynd. Ljós. SGB, sept. 2019.

Fram til 1924 þurftu íbúar Breiðabólssstaðartorfu að sækja neysluvatn í vatnsból sín, brunna og eða lindir í heimatúnum. Brögð voru að vatnsskorti í vatnsbólum en árið 1924 urðu breytingar þar á. Það ár var vatn leitt í bæina úr Gvendarbrunni í hlíðum Breiðabólssstaðarfjalls, íbúum til mikilla þæginda.³⁵ Þar með var komið nægt framboð af neysluvatni.

Í framhaldi af vatnsveituframkvæmdum réðust heimamenn í að koma upp rafstöð við Hala árið 1928.³⁶ Lind í fjallsbrekkunni í svonefndum Grænhólum var veitt um 220 m leiðslu með 40 m fallhæð í rafstöðvarhús sem reist var í Bólum norðan Hala. Þar með fékkst nægjanleg orka til lýsingar og suðu.³⁷

³⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 138.

³⁵ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 193.

³⁶ Páll Þorsteinsson, 1981 bls. 138.

³⁷ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 194.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráningin var gerð haustið 2019 vegna deiliskipulags í landi Breiðabólstaðarbæja. Ákveðið var að miða skráningarsvæðið við jarðarmörk á láglandi við næstu jarðir, þ.e. við Reynivelli í vestri og Sléttaleiti í austri. Til norðurs afmarkast úttektarsvæðið við klettabeltið í Breiðabólstaðarfjalli en til suðurs við norður bakka Breiðabólstaðarlóns. Skráningarreiturinn er samtals 220 ha lands og nær umtalsvert út fyrir deiliskipulagsreitinn.

Innan skráningarreitsins voru skráðir samtals 100 minjastaðir. Þeir eru allir sýndir með rauðum punkti á mynd 3. Skráningin fékk verkefnanúmerið 2093 í skráningavefsjá Minjastofnunar Íslands og myndar stofn í auðkennisnúmeri hverrar fornleifar. Þar að auki er hver fornleif með hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. auðkenni: 2093:001–2093:100.

Vegna umfangs verkefnisins og þéttleika minja við miðju skráningarsvæðisins er því skipt niður í fjóra hluta. Þessir hlutar eru kynntir á sérkortum (kort 1–4) og eru sýndir í gulum römmum á yfirlitskortinu. Á þeim öllum eru auðkenni fornleifanna (hér eftir minjar) merkt með hlaupandi númeri frá 001 til 100. Skráin samanstendur m.a. af 3 bæjarstæðum, 15 tóftum með þekktu sem óþekktu hlutverki, túngörðum, náttúruminum og kennimörkum.

Yfirlitskort á mynd 3 sýnir heildarskráninguna og afmörkun sérkortanna, ásamt skráðum minjum utan þeirra. Vísað er til þessa korts í umfjöllun um minjar 041-042, 071-072 og 088-100.

Á mynd 4 (og 9) er kort 1 sem sýnir staðsetningu minja á syðsta hluta svæðisins, á bæjarstæði Breiðabólstaðar, í Ranatúni og þar vestur af, merktar 001-029. Undanskilin eru bæjarstæði Gerðis (004) og Hala (005) en þau eru sýnd á kortum 3 og 4.

Kort 2 á mynd 10 sýnir svæðið vestan við Hala, á Innra Rofi og vestur fyrir Helghól. Minjar merktar 030 – 045 eru á þessu svæði, að undanskildum 041-042 eins og fyrr var sagt.

Kort 3 (sjá mynd 11) sýnir minjar 046-070; bæjarstæði Hala (005) og minjar í túnnum norðan og sunnan þess.

Á mynd 12 er kort 4 sem sýnir minjar 073-087, m.a. bæjarstæði Gerðis (004), minjar í Glompu og Efratúni. Minjar 088-100 eru sýndar á yfirlitskorti á mynd 3.




Mynd 3. Skráðar minjar í landi Breiðabólstaðar, Gerðis og Hala, varpað á loftmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðri punktalínu og minjastaðir eru merktir með rauðum punktum. Gulir rammar vísa í nákvæmari kort 1-4 á myndum 9-12.



Mynd 4. Kort 1, minjar 001-029 ásamt uppmælingum varpað á loftmynd. Svartir reitir afmarka eldri bæjarstæði. Minjar 004 og 005 eru á kortum 3 og 4.

Breiðabólstaður
Húsagarðar



Mynd 5. Uppmæling af tóftum og garðlögum í og við Húsagarða, sjá minjar 001-002, 006 og 011-012.

Auðkennisnúmer: 2093:001 - Breiðabólstaður

Í Örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Neðan við Skákina stóð gamli bærinn á Breiðabólstað, sennilega, þar sem Hrollaugur landnámsmaður hafði fyrst byggt.“³⁸ Tvíbýli var á Breiðabólstað árið 1703, en á fyrri hluta 19. aldar er þar einbýli.³⁹ Árið 1857 varð tvíbýlt á ný þegar Suðurhús voru reist vestan við Breiðabólstaðarbæinn og stóðu bæirnir saman, Austurhús og Suðurhús.⁴⁰ Búið var í Suðurhúsum í um 40 ár eða til 1890, eftir það tilheyrði sá hluti jarðarinnar sjálfu höfuðbólinu. Suðvestur af bæjarstæði Suðurhúsa eru rústir sem talda eru líklegar til að vera rústir annars bæjarins frá 1703.⁴¹ Laust fyrir aldamótin 1900 var Breiðabólstaðarbærinn fluttur ofar í túnið og örlítið austar. Nýi bærinn var nefndur Steinsbær eftir Steini Þórðarsyni bónda á Breiðabólstað, föðurafa Þórbergs og Steinþórs Þórðarsona, bræðra frá Hala.

„Nú [1961] er gamli bærinn kallaður Húsagarðar; þar eru fjárhús og hlaða.“⁴²

Staðsetning: A 645326.836 – N 406037.601

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 2000

Sérheiti: *Austurhús*

Friðlýst: nei

Sérheiti annað: *Húsagarðar*

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund: heimild

Vegghæð frá: 0,3 m

Tegund annað: tóft

Vegghæð til: 1,0 m

Hlutverk: burstabær

Veggjabreidd: 1,5 m

Hlutverk annað: útihús

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: „Það var auðséð á leifunum af gömlu Breiðabólstaðarbæjunum, að þar hafði verið byggð í langar tíðir. Þar voru gamlir húsagarðar og mikið af tóttum.“⁴³ Fram yfir aldamótin 1900 eru bæjarhúsin á Breiðabólstað torfbærir, líkt og flestir bærir í Austur-Skaftafellssýslu voru á þeim tíma.⁴⁴ Litlar heimildir eru um gamla bæjarstæðið, Austurhús og Suðurhús, en gera má ráð fyrir að bæjarröðin hafi verið með hefðbundnum hætti þess tíma; bæjarhús, baðstofa, jafnvel fjósbaðstofa, fjós, hlaða, smiðja, hesthús, heygarður og kálgarður fyrir framan bæjarhúsin. Í bók sinni Steinarnir tala, lýsir Þórbergur því, þegar flutt var úr gamla bænum í nýja Steinsbæ, að eftir stóð í gömlu húsagörðunum hlaðan, smiðjan, hesthúsið, heygarðurinn og kálgarðurinn.⁴⁵ „Hlaðan var kölluð Langibær. Mig minnir, að faðir minn segði, að hún hefði í hans æsku verið svefnskáli.“⁴⁶ Eftir að bærinn á Breiðabólstað var fluttur ofar í túnið um 1890, voru gömlu bæjarhús Austur- og Suðurhúsa nýtt áfram sem fjárhús, hlaða og hesthús, allt fram til ársins 2000 þegar síðasta húsið var tekið úr notkun.⁴⁷

³⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

³⁹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

⁴⁰ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 182.

⁴¹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

⁴² Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

⁴³ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 184.

⁴⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 140.

⁴⁵ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 183.

⁴⁶ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 183.

⁴⁷ Fjölnir Torfason, 2019 munnleg heimild.



Mynd 6a-b.a) Gamla bæjarstæðið að Breiðabólstað, Austurhús, horft til norðurs. Mynd tekin í febrúar 2020.
b) Gamla bæjarstæði Breiðabólstaðar í Húsagörðum í ágúst 2019, horft til norðausturs. Húsin voru síðar nýtt sem fjárhús og hlaða, eitt þeirra var í notkun til ársins 2000. Ljós. SGB.

Innan „Húsagarðanna“ í dag eru tóftir og tóftarbrot Austur- og Suðurhúsa ásamt garðlögum og túngörðum, vel greinanlegar (sjá minjar 001, 002 og 012). Tóftirnar snúa NA-SV en dyragafnar sem voru timburpil eru horfnir með öllu. Austari hluti tóftanna er ver varðveittur en vestari hlutinn. Tvö austustu hólfin eru sambyggð, stærð 10.5 x 20 m og byrjuð að bóligna út og síga og grjóthleðslur eru ekki lengur sýnilegar í veggjum. Uppmæling af tóftum 001 og 002 er á mynd 4 og 5, sjá einnig myndir 6a-b frá gamla bæjarstæðinu.

Auðkennisnúmer: 2093:002 – Breiðabólstaður

Í Örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Neðan við Skákina stóð gamli bærinn á Breiðabólstað, sennilega, þar sem Hrollaugur landnámsmaður hafði fyrst byggt.“⁴⁸ Tvíbýli var á Breiðabólstað árið 1703, en á fyrri hluta 19. aldar er þar einbýli.⁴⁹ Árið 1857 varð tvíbýlt á ný þegar Suðurhús voru reist vestan við Breiðabólstaðarbæinn og stóðu bæirnir saman, Austurhús og Suðurhús.⁵⁰ Búið var í Suðurhúsum í um 40 ár eða til 1890, eftir það tilheyrði sá hluti jarðarinnar sjálfu höfuðbólínu. Suðvestur af bæjarstæði Suðurhúsa eru rústir sem talda eru líklegar til að vera rústir annars bæjarins frá 1703.⁵¹ Laust fyrir aldamótin 1900 var Breiðabólstaðarbærinn (Austurhús) fluttur ofar í túnið og örlítið austar. „Nú [1961] er gamli bærinn kallaður Húsagarðar; þar eru fjárhús og hlaða.“⁵²

Staðsetning: A 645295.142 – N 406026.141

Sérheiti: Suðurhús

Sérheiti annað: Húsagarðar

Tegund: heimild

Tegund annað: tóft

Hlutverk: burstabær

Hlutverk annað: útihús og naust

Aldur frá: 1857 - **Aldur til:** 2000

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 1,5 m

Veggjabreidd: 1,5 m

Hætta: hætta vegna rasks

⁴⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

⁴⁹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

⁵⁰ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 182.

⁵¹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

⁵² Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

Lýsing: „Það var auðséð á leifunum af gömlu Breiðabólstaðarbæjunum, að þar hafði verið byggð í langar tíðir. Þar voru gamlir húsagarðar og mikið af tóttum.“⁵³ Fram yfir aldamótin 1900 eru bæjarhúsin á Breiðabólstað torfbærir, líkt og flestir bæir í Austur-Skaftafellssýslu á þeim tíma.⁵⁴ Litlar heimildir eru um gamla bæjarstæðið, Austurhús og Suðurhús en gera má ráð fyrir að bæjarröðin hafi verið með hefðbundnum hætti þess tíma; bæjarhús, baðstofa, jafnvel fjósbaðstofa, fjós, hlaða, smiðja, hesthús, heygarður og kálgarður fyrir framan bæjarhúsin. Á húsagarði norðan Suðurrúsa var fornfálegt hlið og þaðan lá gömul gata upp að Hala.⁵⁵ Gatan var nánast horfin þegar Þórbergur er að alast upp. Eftir að bærinn á Breiðabólstað var fluttur ofar í túnið um 1890, voru gömlu bæjarhús Austur- og Suðurrúsa nýtt áfram sem fjárhús, hlaða og hesthús. Tóftir Suðurrúsa voru einnig nýttar sem naust fyrir Sunnansandaskipið yfir vetrarmánuðina (mynd 7b).



Mynd 7a-b. a) Tóftir í Húsagörðum, Suðurrús. Ljós. SGB, feb. 2020. b) Horft til norðaustur yfir vestur hluta gamla bæjarstæðis Breiðabólstaðar. Fremst á mynd eru leifar úthúsanna í Húsagörðum. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Innan „Húsagarðanna“ í dag eru tóftir og tóftarbrot ásamt garðlögum og túngörðum, vel greinanlegar (sjá minjar 001, 002 og 012). Vestur hluti tóftanna er betur varðveittur en eystri hlutinn (Austurhús). Tóftirnar snúa NA-SV en dyragafnar sem voru timburpil eru hornir með öllu (myndir 7). Sambyggð við tóft 001 vestan megin er fjórhólfa grjóthlaðin tóft, um 11 x 24 m. Stærð hólfa er mismunandi, eystri hólfin mjórri og lengri en þau tvö vestar. Veggjahleðslur hafa raskast mikið, víða farnar að renna til og nokkuð er um hrun úr veggjum eins og sjá má á mynd 7a. Uppmæling af tóftum 001 og 002 er varpað á loftmynd á mynd 4 og 5.

Auðkennisnúmer: 2093:003 – Breiðabólstaður 1

Laust fyrir aldamótin 1900 var Breiðabólstaðarbærinn fluttur örlítið austar og ofar í túnið en Austurhúsabærinn hafði staðið. Nýi bærinn var byggður upp við lítinn hól og samkvæmt Þórbergi var bærinn kallaður Steinsbær eftir Steini Þórðarsyni bónda á Breiðabólstað. Húsaráðandi var með þeim fyrstu í Suðursveit að byggja stofuhús. Þórbergur lýsir bæjarhúsum Steinsbæjar úr bernsku sinni. Gefum honum orðið: „Steinn byggði nýja bæinn framan í dálitlum hól. Vestast var tvíbursta rennuhús eins og á Hala. Undir eystri burstinni var ópiljaður bær, en undir þeirri vestri þiljuð og björt stofa. Næst fyrir austan rennuhúsin var þiljuð baðstofa með fjósi undir lofti, þá bær, sem gengið var úr vestur í

⁵³ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 184.

⁵⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 140.

⁵⁵ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 185.

baðstofuna og norður í búr og austur í eldhús. Fyrir austan eldhúsið var hesthús og dálítið langt á milli, og norðan undir hesthúsinu var kamar.⁵⁶ Rennuhúsin var nýtt byggingalag í Suðursveit um aldamótin 1900. Slíkt byggingalag mun hafa komið frá Vestur-Skaftafellssýslu með Eyjólf Runólfssyni hreppstjóra á Reynivöllum 1873-1920.⁵⁷ Í manntali frá 1910 er bæjarhúsum Breiðabólstaðar lýst sem torfbæ með 1 heilpili, 1 hálfpili og þverhúsi með timburhlið og járnþaki.⁵⁸ Í fasteignamati 1916-1918 eru íbúðarhúsin baðstofa með torfþaki 11 x 5,5 áln. og stofuhús með járnþaki.⁵⁹ Árið 1934 var reist steinsteypt íbúðarhús á grunni gamla torfabæjarins frá 1890, 2ja hæða hús með einni burst (mynd 8). Árið 1954 var byggt við það til vesturs.

Staðsetning: A 645340.445 – N 406075.025

Aldur frá: 1890 - **Aldur til:** 1934

Sérheiti: *Breiðabólstaður 1*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til fornleifa

Tegund annað: tóft

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: burstabær



Mynd 8. Breiðabólstaður 1, steinsteypt íbúðarhús reist 1934 á grunni eldri bæjarhúsa. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft.1994-1.62).

Lýsing: Í dag stendur endurbætt íbúðarhúsið frá 1934 og þar er rekið gistihús. Öll ummerki eldri bæjarhúsa eru horfin með öllu.

⁵⁶ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 184.


⁵⁷ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 252.

⁵⁸ Manntal á Íslandi 1910, 1994 bls. 92-93.


⁵⁹ Fasteignamat 1916-1918, Skaftafellssýsla-austur (144)0070v.



Mynd 9. Kort 1, minjar 001-029 ásamt uppmælingum varpað á loftmynd. Svartir reitir afmarka eldri bæjarstæði. Minjar 004 og 005 eru sýndar á kortum 3 og 4.



Mynd 10. Kort 2, minjar 030-045 ásamt uppmælingum varpað á loftmynd. Minjar 041-042 eru á yfirlistkorti á mynd 3. Gul strikalína sýnir legu gamla þjóvegarsins, aðrir litir sýna steinalagnir (sjá skrá hér neðar).



Mynd 11. Minjar 046-070 varpað á loftmynd. Hvítar brotalínur marka mishæðir í túnum og gul brotalína sýnir legu heimreiðar í Glompu og Messugatna í suðvestur til Húsagarða.



Mynd 12. Minjar 073-087 varpað á loftmynd. Svartur rammi afmarkar gamla bæjarstæði Gerðis fram til 1943. Gul brotalína sýnir legu heimreiðar í Glompu og Messugatna.

Auðkennisnúmer: 2093:004 – Gerði

Heimildir eru um búsetu á Gerði allt aftur til 1703.⁶⁰ Líklegt þykir að Gerði hafi ávallt verið einbýli. Eins og fyrr er getið voru bæjarhúsin á Breiðabólstaðartorfunni torfbæir fram yfir aldamótin 1900, líkt og flestir bæir í Austur-Skaftafellssýslu á þeim tíma.⁶¹ Fram til 1942 stóð Gerðisbærinn austan við Lágina, lægðarkvos sem er sunnan við núverandi íbúðarhús á Gerði (sjá mynd 12). Lýsingar á bæjarhúsunum á Gerði fyrir 1900 eru fátækar en Þórbergur segir að í stað „reisulegra“ rennuhúsa eins og voru á Hala á hans uppvaxtarárum, er „bara skemma og lággúrlegur stofukofi á Gerði.“ Og það er enginn kamar á Gerði.⁶² Austan við bæinn var Fjósabali, hvort þar var einhvern tímann fjós er ekki ljóst. Árið 1910 er bænum lýst sem torfbæ með 2 heilpilum og 1 hálfpili.⁶³ Í fasteignamati 1916-1918 er bæjarhúsin listuð sem baðstofu með torfpaki 11,5 x 5 ál. og stofuhúsi með járnþaki (sjá mynd 13).⁶⁴

Staðsetning: A 645561.822 – N 406300.272

Aldur frá:1700 - **Aldur til:** 1980

Sérheiti: *Gerði*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til fornleifa

Hlutverk: burstabær

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Gömlu bæjarhúsin á Gerði voru felld á árunum 1970 til 1980. Nú er gamla bæjarstæðið í ræktuðu túni og engin ummerki eftir gamla bæjarstæðið sjáanleg.



Mynd 13. Gamli bærinn á Gerði. Ljósmynd í vörslu Héraðskjalasafns A-Skaftafellssýslu (*HérA-Skaft.1996-16-70*).

⁶⁰ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 237.

⁶¹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 140.

⁶² Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 255.

⁶³ Manntal á Íslandi 1910, 1994 bls. 92-93.

⁶⁴ Fasteignamat 1916-1918, Skaftafellssýsla-austur (142)0069r.

Eins og fyrr hefur komið fram hófst búseta á Hala fyrir víst á 18. öld.⁶⁵ Tvíbýli var á Hala til skamms tíma í upphafi, húsmannsbýlið Litli-Hali stóð suðvestur af Halabænum á svokallaðri Eldiviðarflöt.⁶⁶ Hefur því verið einbýli að Hala megnið af búsetutíma þess allt fram til 1939, þegar nýbýlið Lundur var stofnað út úr landi Hala.⁶⁷

Ekkert bendir til annars en að bæjarstæði Hala hafi verið á sama stað frá upphafi. Þó svo heimildir séu fyrir endurbyggingu bæjarhúsanna í aldanna rás eru engar vísbendingar um að húsin hafi verið færð til innan bæjarstæðis, heldur endurbyggð á grunni þeirra sem fyrir voru. Greinagróðar lýsingar á gömlu bæjarhúsum Hala eru m.a. að finna í skrifum Þórbergs um bernskuminningar sínar úr Suðursveit, en Þórbergur var fæddur á Hala seint á 19. öld. og ólst þar upp fram yfir aldamótin 1900.

Þannig segist Þórbergi frá bæjarskipan á Hala frá 1890–1914: „Halabærinn stóð á sléttum bala efst í norðvesturhorni túnsins. ... Hali var torfbær eins og aðrir bæir voru þá í Skaftafellssýslu. Húsin stóðu hvert við hliðina á öðru og snöru göflunum í suður og stöfnunum upp að fjallinu.“⁶⁸

Samkvæmt Þórbergi voru húsin á Hala svonefnd rennuhús. Austast var **eldhúsið**, með háu gaflhlaði úr torfi og grjóti og litlu þríhyrndu timburpili með stóru reykopi. Gaflhlaðið náði lengra fram en timburpilið, svo að hægt væri að ganga upp á því fyrir framan þilið. Vindauga og taðgat var nokkuð hátt uppi á eldhússtafninum og inn um það var eldiviðurinn tekinn í eldhúsi. Dyrnar á eldhúsinu snéru móti suðri vestast á gaflhlaðinu og inn af þeim voru stutt göng gegnum gaflhlaðið í stórt eldhúsið. Hlóðirnar voru hægramegin, náðu frá austurvegg hússins fram að göngunum. Vestan við eldhúsið kom **baðstofan**, oftast kölluð fjós. Baðstofuburstin var hærri en burstin á eldhúsinu, með álíka háu gaflhlaði en breiðara. Fyrir ofan gaflhlaðið var ris með tilburðum og sex rúðu glugga en fjögurra rúðna gluggi var neðarlega á austurhlið baðstofunnar. Grasi vaxnir torfkampar voru beggja megin við gaflhlaðið, til skjóls fyrir vondum veðrum. Baðstofudyrnar voru vestast á gaflinum og snéru til suðurs eins og allar dyr á bæjarhúsunum á Hala. „Það voru sperrur í baðstofunni með skarsúð á og hellu á súðinni og torfpaki ofan á hellunni. Veggirnir og gaflhlaðið voru þiljuð niður að palli. Stafninn var óþiljaður, fyrst þegar ég mundi eftir. Seinna var stafninn þiljaður.“⁶⁹ **Bærinn** stóð vestan við baðstofuna, rennuhús með tveimur burstum, austur- og vesturbær. Gaflar voru úr timbri, tjargaðir með hvítmáluðum vindskeiðum. Vesturbærinn var hærri en austurbærinn og var með tvo glugga en dyr á gafl eystri bæjarins. Í grunnu sundi milli bæjanna var renna sem veitti rigningarvatni út á hlaðið. Vestast í bæjarhúsaröðinni var **smiðja** en sund var á milli hennar og bæjarhúsanna. Smiðjan var með timburpili og var lægra hús en rennuhúsin. Suðvestan smiðjunnar var **kamarinn**, en þeir voru ekki á hverjum bæ í sveitinni í þá tíð. Kamarinn var með torfveggjum og torfstafni og hellulausu torfpaki á sperrum og refti. Hann stóð sér á litlu barði og vestan hans var haugtótt, í laginu eins og skeifa. Í hana var einnig safnað kúamykju ásamt úrgangi úr kamrinum.

Norðan við rennuhúsin stóð **kofi**, niðurgrafinn að hluta með gaflhlað úr torfi og timburpili þar ofar. Kofinn snéri þvert á bæjarhúsin með gafl í austur en stafni í vestur. Göng lágu frá kofanum í austurbæinn, þau voru eina aðkoman að kofanum.

⁶⁵ Manntal á Íslandi 1816, 1947 bls. 117.

⁶⁶ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 4.

⁶⁷ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 237.

⁶⁸ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 66.

⁶⁹ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 86.

Við hliðina á kofanum, norðan megin stóð **gömul hlaða**, með grjóthlöðnum veggjum og nokkuð niðurgrafin. Dyr hennar snéru til austurs. **Heygarður** var nokkru austan við hlöðuna, en þar var síðar byggð ný hlaða.

Vorið 1906 skall á mikið norðan óveður í Suðursveit, þannig að flest húsin á Hala tók af niður að grunnni nema baðstofuna.⁷⁰ Í kjölfarið voru húsin lagfærð án breytinga nema baðstofan var lengd. Ný baðstofa var síðar reist 1914, nú með standpili alveg niður úr með eldhúsi undir.⁷¹ Í manntali fyrir árið 1910 er bæjarhúsum Hala lýst eftirfarandi: Torfbær með 1 heilpili, 1 hálfpili og þverhúsi með timburhlið og járnþaki.⁷² Samkvæmt fasteignamati 1916-1918 eru íbúðarhúsum á Hala lýst sem baðstofu með torfþaki 11x5,5 áln. og stofuhús með járnþaki.⁷³ Árið 1925 hafa rennuhúsin vikið fyrir þverhúsi en það ár var baðstofa rifin og nýtt og stórt þverhús í tóft á tvo vegu reist í staðinn.⁷⁴ Það sama ár var vatn leitt í bæinn á Hala.⁷⁵

Árið 1934 reis nýtt steinsteypt íbúðarhús og fjós, byggt sem burstabygging í anda gömlu burstabæjanna (mynd 14). Fjósið stóð vestar og hafði safngryfju og haughús undir. Ári síðar var byggð hlaða vestan við fjósið og 1936 var bætt við tveimur burstum austan við bæinn.⁷⁶ Síðar reis fjárhús og ný hlaða norðan við bæinn.

Staðsetning: A 645295.753 – N 406351.284

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1936

Sérheiti: Hali

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til fornleifa

Hlutverk: burstabær

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 14. Hali (005) á 7. áratug 20. aldar, burstabygging reist 1934-1936. Norðan við bæinn standa fjárhús og hlaða. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft.1990-1-38).

⁷⁰ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 131.

⁷¹ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 189.

⁷² Manntal á Íslandi 1910, 1994 bls. 92-93.

⁷³ Fasteignamat 1916-1918, Skaftafellssýsla-austur (145)0071r.

⁷⁴ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 193.

⁷⁵ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 193.

⁷⁶ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 198-199.

Lýsing: Íbúðarburstirnar þrjár sem reistar voru 1934-1936 standa enn á bæjarstæðinu. Fjós og hlaða hafa verið rifin og seinni tíma bygging er komin í staðin, byggð í sama stíl og burstirnar (sjá mynd 15).



Mynd 15. Hali 2019, horft til suðurs. Fjós og hlaða sem stóðu vestan við íbúðarhúsið hafa vikið fyrir nýrri byggingu, sem er í sama byggingastíl og bærinn frá 1934. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:006

Í máldögum kirkjunnar að Kálfafellsstað í Suðursveit frá 14. öld er getið hálfkirkju að Breiðabólsstað.⁷⁷ Talið er að kirkjan hafi staðið þar fyrir víst allt fram undir 1600. Hennar er ekki getið í mállega frá 1708.⁷⁸ Kirkjan var helguð Blasíusi biskupi og var sungið frá Kálfafellsstað annan hvern helgan dag og skyldi greiða presti fyrir eitt hundrað og frítt fyrir hest sinn.⁷⁹ Engar heimildir eru fyrir staðsetningu kirkjunnar á jörðinni en árið 1960 fundust mannabein í jörðu, suðvestan við gamla bæjarstæðið og þykir líklegt að þarna hafi komið í ljós grafreitir frá því fyrir 1362.⁸⁰ Því til stuðnings er að beinin lágu undir ljósu vikurlagi frá Örfajökulsgosinu 1362.

Staðsetning: A 645323.283 – N 406016.441

Aldur frá: 1000 - **Aldur til:** 1700

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: mannvistarleifar

Ástand: ekki sést til fornleifa

Tegund annað: heimild

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: kirkjugarður

Hlutverk annað: kirkja

⁷⁷ Íslenskt Fornbréfasafn II, 1893 bls. 772.

⁷⁸ Íslenskt Fornbréfasafn XV, 1947-50 bls. 701.

⁷⁹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

⁸⁰ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.



Mynd 16. Meintur kirkjugarður (minjar 006), neðan Húsagarða. Horft til suðausturs í átt að Breiðabólstaðarlóni. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Lýsing: Þegar tekið var fyrir votheysgeymslu árið 1960, u.þ.b. 20 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu að Breiðabólstað (sjá myndir 4 og 5), var komið niður á tvær grafir með nokkuð heillegum mannabeinum (mynd 16). Um tveggja metra bil var á milli beinanna og snéru þau frá austri til vesturs. Að sögn heimildamanns er helst talið að staðsetning kirkjunnar hafi verið rétt austar.

Auðkennisnúmer: 2093:007

„Vestan við gamla bæinn eru djúpar traðir, sem liggja að bæjarvegg og gegnum túnið vestur. Vestan traðanna Stöðull.“⁸¹ Í bók sinni Steinarnir tala, lýsir Þórbergur tröðunum á eftirfarandi hátt:

„Það var auðséð á leifunum af gömlu Breiðabólstaðarbæjunum, að þar hafði verið byggð í langar tíðir. Þar voru gamlir húsagarðar og mikið af tóttum. Þar höfðu verið gerðar traðir frá Suðurhúsunum vestur úr túninu einhverntíma í fyrndinni. Þær voru fimmtíu og fjöggra faðma langar og um tvo faðma á breidd. Þær voru ekki gerðar eins og traðir eru venjulega, þannig, að garðar væru lagðir báðumegin götunnar. Sá, sem þarna stjórnaði verki, hafði farið nákvæmlega eins að og verkfræðingar nú á tímum, sem leggja götur gegnum miðshæðir. Hann hafði grafið traðirnar gegnum túnið, sem fór ofurlítið hækkandi vestur, og var traðarbotninn hér um bil láréttur, en barmarnir fláðu jafnt báðumegin og slétt af túninu fram á barmabrunirnar, svo að traðirnar sáust ekki úr suðri og norðri, fyrr en komið var rétt að þeim, og spilltu því ekki yfirsýn yfir þetta fagra tún. Þetta hefur verið allmikið mannvirki á sínum tíma, því að traðirnar

⁸¹ Ö-skrá, Breiðabólstaður - 5

fóru dýpkandi vestur, eftir því sem túnið hækkaði, og vestasti hluti þeirra var meira en mannhæðar djúpur. Þær voru allar grasi grónar bæði barmarnir og traðarbotninn, og fallegar og alltaf tandurhreinar. Mér fannst það auðséð, að þetta verk hefði verið unnið á tímum, þegar menn hugsuðu stærra en gerðist síðar á öldum. Voru þetta hugsanir Hrollaugs, sonar Rögnvalds jarls á Mæri, í traðaformi? Það vissi enginn.⁸²

Staðsetning: A 645228.664 – N 406027.806

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1980

Sérheiti: *Traðirnar s*

Friðlýst: nei

Tegund: gata

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hlutverk: traðir/ leið

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 17. Horft til norðvestur yfir Traðirnar (minjar 007) vestan Húsagarðanna. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Lýsing: Traðirnar liggja frá vestasta tóftarvegg í Húsagörðum, um 90 m í norðvestur að túni á Stöðli, vestan við bæjarstæðið (mynd 9). Breidd traðanna er um 3 m og eru þær grasi grónar, bæði veggir og gólf samanber lýsingu Þórbergs hér að ofan (mynd 17). Nú liggur vegur þvert yfir traðirnar, rúmlega 13 m vestan við húsatóftirnar í Húsagörðum (sjá mynd 9).

⁸² Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 184-185.

Auðkennisnúmer: 2093:008

„Sunnan við Traðir er Ranatún. Það myndar rana úr túninu.“⁸³ Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Árið 1703 var tvíbýli á Breiðabólstað, en síðan ekki nema einn ábúandi, þar til 1857, að þar hefst aftur tvíbýli, er hélst stöðugt til 1890, og var annað býlið vestast á gamla bæjarstæðinu og kallað Suðurhús. Spölkorn þaðan í suðvestur á svokölluðu Ranatúni eru gamlar húsarústir. Þar vottar greinilega fyrir heygarði. Er ekki annað að sjá en þetta séu bæjarrústir, heldur litlar og ekki mjög gamlar. Gæti það verið annað býlið á Breiðabólstað frá 1703.“⁸⁴ Ekki er ljóst hversu lengi tvíbýlið varði en í manntali 1816 er einn ábúandi skráður á jörðinni.

Staðsetning: A 645209.822 – N 405957.149

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1816

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: þúst

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund annað: heimild

Vegghæð frá: 0,5 m

Hlutverk: óþekkt

Vegghæð til: 1,0 m

Hlutverk annað: bær

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 18. Horft til suðvesturs yfir Ranatún. Rauður hringur afmarkar þústina 008. Ljós. SGB, feb. 2020.

Lýsing: Þústin er vestarlega á Ranatúni, tæpum 20 m frá jaðri túns (mynd 9 og 18). Stærð 15,5 x 7,0 m (mynd 19b). Mögulega eru þetta minjar af meintu bæjarstæði annars býlis á Breiðabólstað frá 1703 samkvæmt manntali.

⁸³ Ö-skrá, Breiðabólstaður - 5

⁸⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

Auðkennisnúmer: 2093:009

„Á Ranatúni voru tvö hús fyrir lömb, 16 lömb hvort, auk þess eitt fyrir fullorðið fé, 30 kindur. Í seinni tíð var þar hesthús.“⁸⁵

Staðsetning: A 645238.539 – N 405966.015

Sérheiti: *Ranahús*

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: hesthús

Aldur frá: 1800 **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei


Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjastreidd: 1,0 m

Hætta: hættu vegna rasks



Mynd 19a-b. a) Tóft 009 í Ranatúni suðvestan við Húsagarða, horft til norðurs. Ljós. SGB, ágúst 2019. b) Uppmæling af tóftum 008-010 í Ranatúni.

Lýsing: Í Ranatúni er mikið af vallargrónum tóftum og tófarbrotum (mynd 9). Tóft nr. 009 er um 9,5 m á lengd og 19 m á breidd þar sem hún er breiðust. Hún er með fjórum hólum, álíka stórum en vestasta hólfið er með garða í miðju. Tóftin hefur dæmigerða lögun fyrir fjárhús. Fast norðan við tóftina er hringlaga hólfið eða dæld sem að öllum líkindum eru leifar af hlöðu. Hér eru trúlega minjar af fjárhúsum sem tilgreind eru í örnefnaskrá í Ranatúni (mynd 19a-b).

Auðkennisnúmer: 2093:010

„Á Ranatúni voru tvö hús fyrir lömb, 16 lömb hvort, auk þess eitt fyrir fullorðið fé, 30 kindur. Í seinni tíð var þar hesthús.“⁸⁶

Staðsetning: A 645273.723 – N 405994.999

Sérheiti:

Tegund: tóft

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,3 m

⁸⁵ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

⁸⁶ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.


Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,4 m

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 20a-b. a) Vallargróin tóft 010 í Ranatúni, horft til norðvesturs. b) Uppmæling af tóftum 008-010. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Lýsing: Um 25 m norðaustan af tóft 009 í Ranatúni er minni tvíhólfra tóft 010, um 7 x 13,5 m að stærð (mynd 9 og 9b). Tóftin er mikið vallargróin og ekki sést í steinhleðslur (sjá mynd 20a). Hlutverk hennar er ekki ljóst út frá lögun en leiða má líkum að hér sé um annað af þeim tveimur lambhúsum sem skráð eru í örnefnaskrá.

Auðkennisnúmer: 2093:011

Í máldögum kirkjunnar að Kálfafellsstað í Suðursveit frá 14. öld er getið hálfkirkju að Breiðabólsstað og er talið að hún hafi staðið þar fyrir vísit allt fram undir 1600.⁸⁷ Engar heimildir eru fyrir staðsetningu kirkjunnar á jörðinni en árið 1960 fundust mannabein í jörðu, suðvestan við gamla bæjarstæðið og þykir líklegt að þarna hafi komið í ljós grafreitur frá því fyrir 1362.⁸⁸ Því til stuðnings er að beinin lágu undir ljósu vikurlagi frá Örfajökulsgosinu 1362.

Staðsetning: A 645303.639 – N 406007.002

Aldur frá: 1960 - **Aldur til:** 1980

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: dæld

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: votheysgeymsla

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Þegar tekið var fyrir votheysgeymslu árið 1960, u.þ.b. 20 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu að Breiðabólsstað (minjar 006), var komið niður á tvær grafir með nokkuð heillegum mannabeinum. Vothesgeymslan var því reist nokkrum m vestar en upphaflega stóð til. Skráning hennar er tekin hér með svo staðsetning geymslunnar verði kunn þó svo aldursákvæðum sé ekki náð. Ekki sést til minja.

⁸⁷ Íslenskt Fornbréfasafn II, 1893 bls. 772.

⁸⁸ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 232.

Auðkennisnúmer: 2093:012

Gamla bæjarstæðið að Breiðabólstað var nefnt Húsagarðar eftir að búsetu lauk í Austur- og Suðurhúsum.⁸⁹ Túnakort af heimatúnum Breiðabólstaðar frá 1918 sýnir tvo sáðgarða, annan sunnan við bæjarhúsin að Breiðabólstað 1 og hinn suður af fénaðarhúsum sem reist voru í Húsagörðum (sjá mynd 21a).⁹⁰

Staðsetning: A 645308.197 – N 406013.311

A 645328.874 – N 406024.097

A 645297.852 – N 406009.503

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: túngarður

Hlutverk annað: sáðgarður

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei


Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Hætta: hætta vegna rasks



Mynd 21a-b. a) Samkvæmt túnakorti frá Breiðabólstað voru sáðgarðar í Húsagörðum. Kortið er teiknað um 1918. b) Garðlög 012 sunnan Húsagarðanna, horft til norðausturs. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Lýsing: Neðan við gömlu húsarústirnar í Húsagörðum eru þrjú vallargróin garðlög (sjá mynd 9). Öll garðlögin eru L- laga, mis löng en um 2 m á breidd. Vestasti garðurinn er u.þ.b. 4 x 11 m, mið garðlagið er um 3,5 x 3,5 m og austasta garðbrotið mældist 5 x 16 m að stærð. Ekki sést í steinahleðslur í garðlögum (sjá mynd 21b).

⁸⁹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

⁹⁰ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Breiðabólstað.

Auðkennisnúmer: 2093:013

„Þar sem íbúðarhúsið stendur nú [1961] á Breiðabólstað, hétu Heygarðshólar. Þar var haldið hádegi frá Hala, þar til klukka kom til sögunnar.“⁹¹

Staðsetning: A 645340.590 – N 406074.794

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Heygarðshólar*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand:

Hlutverk: eyktarmark

Hætta: engin hætta

Lýsing: Í dag stendur steynsteypt hús, Breiðabólstaður 1 reist 1934 í hádegisstað frá Hala (mynd 9).

Auðkennisnúmer: 2093:014

„Á Ranatúni voru tvö hús fyrir lömb, 16 lömb hvort, auk þess eitt fyrir fullorðið fé, 30 kindur. Í seinni tíð var þar hesthús.“⁹²

Staðsetning: A 645181.617 – N 405974.270

Friðlýst: nei

Sérheiti:

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,2 m

Hlutverk: óþekkt

Vegghæð til: 0,5 m

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Veggjabreidd: 0,8 m

Hætta: hætta vegna rasks


Lýsing: Vallargróin einhólfa tóft er vestast í Ranatúni, norðan undir vegslóða sem liggur niður í Ullarhraunslág, milli Stöðuls og Ullarhrauns (mynd 22a). Stærð tóftarinnar er um 3,7 á lengd og 3,0 á breidd þar sem hún er breiðust, liggur norður–suður með dyr til suðurs. Ekki sést í hleðslur í tóftarveggjum. Suður- og vestur með tóftinni liggja 4 garðlög eða garðbrot, sjá minjar 015. Á mynd 23 má sjá uppmælingu af tóftinni ásamt fleiri minjum í Ranatúni og Ullarhraunsmýri.



Mynd 22a-b. a) Tóft 014 er lítil tóft vestast í Ranatúni (rauð ör), horft til norðurs. b) Garðlag 015 vestan í Ranatúni. Ljós. SGB, ágúst 2019.

⁹¹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 6.

⁹² Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.



Mynd 23. Uppmælingar af minjum 014 og 015 í Ranatúni. Garðlagið 015 er 4 hlutum.

Auðkennisnúmer: 2093:015

„Á Ranatúni voru tvö hús fyrir lömb, 16 lömb hvort, auk þess eitt fyrir fullorðið fé, 30 kindur. Í seinni tíð var þar hesthús.“⁹³

Staðsetning: A 645182.574 – N 405952.818

A 645175.508 – N 405981.883

A 645203.263 – N 405930.492

Sérheiti: Ranatún

Tegund: garðlag

Hlutverk: túngarður

Hlutverk annað: heygarður

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegg hæð garðlaganna er frá 0,3 m til 1,0 m og meðal-veggjabreidd um 1,0 m.

Lýsing: Vestast í Ranatúninu, um 5 m vestan og sunnan við tóft 014 eru 4 garðlög eða garðbrot (sjá mynd 9). Garðbrotin liggja öll neðar í landinu en tóft 014. Garðbrotin hafa upprunalega myndað eitt garðlag sem hefur umlukið Ranatúnið í vestri en rofnað í sundur á stórum kafla. Efsta og nyrsta brotið er um 7 m langt, um 10 m suður af því er um 4 m langt garðbrot en rofnað hefur úr því í nyrðri enda þess (sjá mynd 23). Sex m í suðaustur er 6 m brot og er sýnu breiðara en hin fyrri. Um 1 m hefur rofist

⁹³ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

úr norðaustur horni þess og 4 m af vesturveggnum. Syðsta garðlagið er lengra og greinilegra, allt að 32ja m langt. Garðlagið liggur í sveig til suðausturs meðfram vesturbakka Ranatúnsins (mynd 22b).

Auðkennisnúmer: 2093:016

Ullarhraunsmýri er mýrlendi norðan Ullarhrauns og sunnan við Stöðul vestan Traðanna.⁹⁴ Túngarðar og garðbrot eru áberandi í mýrinni (sjá garðlag 016 og 022).

„Einhverntíma fyrr á öldum, það vissi enginn hvenær, hafði verið hlaðinn allmikill túngarður norður með endilöngum vesturjaðri túnanna, neðan frá Lóni upp að Hala, og jafnvel líka austur með norðurjaðri þeirra, því að á barðinu austan við Halabæinn sást móta fyrir ævagömlum garðleifum. Þessi garður stóð ennþá, þó víða orðinn skældur og hrörlegur, upp undir syðra Stókuskárhúsið og hafði varið þann hluta túnsins fyrir uppblæstri.“⁹⁵

Staðsetning: A 645186.610 – N 405915.541

A 645176.941 – N 405896.695

A 645193.772 – N 405935.596

Sérheiti: *Ullarhraunsmýri*

Tegund: garðlag

Hlutverk: túngarður

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,4 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Garðlag 016 er í mýrinni og liggur í suðvestur frá Ranatúni. Garðlagið er í heildina um 42 m að lengd en rofið í sundur á þremur stöðum (sjá myndir 9, 24 og 25). Austasti hluti garðsins sem liggur upp að Ranatúninu er rúmlega 16 m langur og er lengsti hluti garðlagsins. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í garðlaginu.



Mynd 24a-b. a) Horft yfir Ullarhraunsmýri til Ranatúns, garðlag 016 í forgrunni fyrir miðri mynd. b) Ullarhraunslágin er lögðin hægra megin á ljósmynd. Ljós. SGB, ágúst 2019.

⁹⁴ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

⁹⁵ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 157.

Auðkennisnúmer: 2093:017

„Sunnan við Traðir er Ranatún. Það myndar rana úr túninu. Suðvestan í því er Ullarhraunslág. Þar var Sunnansandaskipið oft látið standa uppi á sumrin.“⁹⁶

Staðsetning: A 645192.246 – N 405908.387

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Ullarhraunslág*

Friðlýst: nei


Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: naust/bátalægi

Hætta: engin hætta

Lýsing: Engar minjar eru sjáanlegar á vettvangi (mynd 24b).



Mynd 25. Uppmælingar af minjum 016-022 í Ullarhrauni og Ullarhraunsmýri.

⁹⁶ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

Auðkennisnúmer: 2093:018

Efst á Ullarhraunsklettinum eru tvær þúfur sem líta eins út og leifar af tóft.

Staðsetning: A 645176.557 – N 405875.904

Sérheiti: *Ullarhraun*

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,4 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Þúfurnar eru grasi grónar og standa syðst við klettabrúnina (mynd 25 og 26a).

Auðkennisnúmer: 2093:019

Norðan í Ullarhrauni var þurrrkhjallur Steins bónda á Breiðabólstað. „En þar hvíldu jarðneskar leifar af tveimur hjöllum, sem dóu fyrir meira en fimmtíu árum.“⁹⁷

Staðsetning: A 645166.734 – N 405882.996

Sérheiti: *Hákarlahjallurinn*

Tegund: tóft

Hlutverk: herslubyrgi

Hlutverk annað: hákarlahjallur

Aldur frá: 1850 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,4 m

Veggjabreidd: 0,5 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Norðan í Ullahrauninu eru tvö tóftarbrott. Brotin liggja norður og vestur úr klettaveggnum, hvort u.þ.b. 3,5 m að lengd og breiddin er 2,5 m (myndir 9, 25og 26b).



Mynd 26a-b. a) Óþekkt tóft á Ullarhrauni, horft til norðausturs. b) Rústir hákallahjallanna eru ekki umfangsmiklar. Ljósm. SGB, ágúst 2019.

⁹⁷ Þórbergur Þórðarson, 1955 bls. 213.

Auðkennisnúmer: 2093:020

„Við túnfót á Ranatúni er hraun, sem heitir Ullarhraun. Gjót, um annan meter á breidd, klýfur hraunið í tvennt og heitir Ullarhraunsgjögur. Þar á að vera útburður.“⁹⁸

Staðsetning: A 645152.122 – N 405860.888

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Ullarhraunsgjögur*

Friðlýst: nei

Tegund: þjóðsaga

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: útburður

Hætta: engin hætt

Lýsing: Gjótið er um 4 m hátt, frá botni og upp á brún, sjá mynd 27a.



Mynd 27a-b. a) Gjótið er syðst í Ullarhrauni, horft til suðurs. b) Gamla vatnsbólið fyrir Breiðabólstaðarbæ var í Lækjargili, neðan Ranatúns. Engin sjáanleg ummerki eru eftir vatnsbólið. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:021

„Neðan við Ranatún er gamalt vatnsból frá Breiðabólstað, uppsprettulind undan túnbakka, heitir Lækjargil. (Þar var kvos upp í bakka, en tæplega nokkuð gil.) Gilið hefur stytst við það, að bakkinn brotnaði.“⁹⁹

Staðsetning: A 645280.435 – N 405957.169

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Lækjargil*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: vatnsból

Hætta: engin hætt

Lýsing: Ummerki um vatnsbólið eru ekki sjáanleg lengur (sjá mynd 27b).

⁹⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

⁹⁹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

Auðkennisnúmer: 2093:022

Ullarhraunsmýri er mýrlendi norðan Ullarhrauns og sunnan við Stöðul vestan Traðanna.¹⁰⁰ Túngarðar og garðbrot eru áberandi í mýrinni (sjá garðlag 016 og 022).

„Einhverntíma fyrr á öldum, það vissi enginn hvenær, hafði verið hlaðinn allmikill túngarður norður með endilöngum vesturjaðri túnanna, neðan frá Lóni upp að Hala, og jafvel líka austur með norðurjaðri þeirra, því að á barðinu austan við Halabæinn sást móta fyrir ævagömlum garðleifum. Þessi garður stóð ennþá, þó víða orðinn skældur og hrörlegur, upp undir syðra Stókuskákarhúsið og hafði varið þann hluta túnsins fyrir uppblæstri.“¹⁰¹

Staðsetning: : A 645146.240 – N 405883.844

A 645145.694 – N 405949.965

A 645148.291 – N 405867.060

Sérheiti: *Ullarhraunsmýri*

Tegund: garðlag

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,5 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Af lýsingum Þórbergs hér ofar, er líklegt að hér sé um leifar af sama túngarði sem lá meðfram öllu heimatúninu á Breiðabólstað. Hér liggur garðurinn í norður frá Ullarhraunsklöppinni í gegnum Ullarhraunsmýri í átt að vegi sem liggur sunnan við Stöðul. Garðurinn er ekki sjáanlegur norðan við veginn. Garðurinn er rofinn í sundur á tveimur stöðum og myndar því 3 mislöng garðbrot. Syðsta brotið er um 1,5 m langt, þá kemur tæplega 2 m langt rof þar sem hann hverfur með öllu. Þá er 20 m langt garðbrot, nokkuð heillegt. Því næst rofnar garðurinn á rúmlega 40 m kafla þegar hann verður sýnilegur á ný. Sá hluti garðlagsins er um 18,5 m langur og er mjög rofinn og raskaður (sjá mynd 25 og 28).



Mynd 28. Horft til norðurs yfir Ullarhraunsmýri í átt að Aur. Garðurinn hefur rofnað á tveimur stöðum, sjá mynd 9. Ljós. SGB, ágúst 2019.

¹⁰⁰ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

¹⁰¹ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 157.

Auðkennisnúmer: 2093:023

Í Ullarhraunsmýri eru leifar gamalla kartöflugarða frá Breiðabólstaðabæjum.¹⁰²

Staðsetning: A 645137.278 – N 405925.076

Aldur frá: 1930 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei


Tegund: frásögn

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: matjurtagarður

Hætta: engin hætt

Lýsing: Fast vestan við garðlag 022 eru þústir í túni (sjá kort 1 á mynd 9). Þetta eru ummerki eftir seinni tíma kartöflugarða.



Mynd 29. Uppmælingar af tóftarbrotum 024 og 025 neðst í Aur.

Auðkennisnúmer: 2093:024

Í minningum Þórbergs frá æsku í Suðursveit lýsir hann landinu vestan heimatúnanna. Um Aurinn segir hann: „Fyrir hundruðum ára var óslitinn grasvöllur frá Loftstóftum austur að Breiðabólstaðartúnum, en nú var langur og breiður aur þar á milli. ... Hann var kallaður Aur. ... Ég hafði gaman af að reika um Aurinn og skoða. ... Ennþá neðar og nær túninu voru gömul tóttabrot. Þau seiddu mig oft til sín. Enginn vissi eftir hverja þau voru. Það gerði þau meira spennandi.“¹⁰³

Staðsetning: A 645110.679 – N 405961.909

Friðlýst: nei

Sérheiti:

Ástand: illgreinanlegar minjar

Tegund: tóft/tóftarbrot

Vegghæð frá: 0,1 m

Hlutverk: óþekkt

Vegghæð til: 0,4 m

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Veggjabreidd: 0,6 m

Hætta: hætt vegna rasks

¹⁰² Fjölur Torfason, 2019 munnleg heimild.

¹⁰³ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 25.

Lýsing: Vestast á Stöðli neðan við Aur eru vallargróin tóftarbrot, með fremur óljósar útlínur (mynd 30a). Ytra mál 3 x 3,7 m. Uppmælingu má sjá á mynd 29.



Mynd 30a-b. a) Tóftarbrot 024 neðst í Aur, horft til suðurs í átt að Ullarhrauni. b) Horft til vesturs yfir tóftarbrot 025, neðst í Aur. Ljósmynd. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:025

„Fyrir hundruðum ára var óslitinn grasvöllur frá Loftstóftum austur að Breiðabólstaðartúnum, en nú var langur og breiður aur þar á milli. ... Hann var kallaður Aur. ... Ég hafði gaman af að reika um Aurinn og skoða. ... Ennþá neðar og nær túninu voru gömul tóttabrot. Þau seiddu mig oft til sín. Enignn vissi eftir hverja þau voru. Það gerði þau meira spennandi.“¹⁰⁴

Staðsetning: A 645106.020 – N 405976.001

Ástand: illgreinanlegar minjar

Sérheiti:

Vegghæð frá: 0,2 m

Tegund: tóft/tóftarbrot

Vegghæð til: 0,5 m

Hlutverk: óþekkt

Veggjabreidd: 1,0 m

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Hætta: hætta vegna rasks

Friðlýst: nei

Lýsing: Tóftarbrot 025 er stærra um sig en 024, vallargróið og með óljósar útlínur (sjá myndir 29 og 30b). Ekki er hægt að segja til um hvert hlutverk þessa mannvirkis hefur verið.

Auðkennisnúmer: 2093:026

„Vestan við gamla bæinn eru djúpar traðir, Vestan traðanna er Stöðull.“¹⁰⁵

Staðsetning: A 645163.690 – N 405998.715

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Stöðull

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand:

Hlutverk: stöðull

Hætta: engin hætta

Hlutverk annað: tún

¹⁰⁴ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 25.

¹⁰⁵ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 5.

Lýsing: Stöðull eru tún þar sem kýr voru mjólkaðar að sumri. Í dag er umrætt svæði ræktað tún og engar kýr í bústofni Breiðabólstaðabæja.

Auðkennisnúmer: 2093:027

Fjárhús stóðu syðst á Stöðli norðvestan Ranatúns.¹⁰⁶

Staðsetning: A 645155.856 – N 405997.529

Aldur frá:1900 - **Aldur til:** 2000

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: frásögn

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Fjárhúsin hafa verið jöfnuð við jörðu og sléttað yfir grunna þess. Samkvæmt aldursákvæðum í menningarminjalögum skilgreinast húsin ekki sem fornleifar en staðsetning þeirra er engu að síður skráð hér.

Auðkennisnúmer: 2093:028

„Rétt suðaustan við bæinn á Breiðabólstað var Úlfshaugur, nú jafnaður við jörðu. Þar átti Úlfur landnámsmaður á Skálafelli að vera heygður.“¹⁰⁷

Staðsetning: A 645360.658 – N 406064.610

Aldur frá: 850 - **Aldur til:**1950

Sérheiti: Úlfshaugur

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fornmannahaugur

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Í dag standa fjárhús og hlaða frá Breiðabólstað við meinta staðsetningu Úlfshaugs (myndir 9 og 31a)



Mynd 31a-b. a) Meintur Úlfshaugur var rétt suðaustan við bæinn Breiðabólstað. b) Trjátótt á mörkum Breiðabólstaðar og Gerðis. Ljós. SGB, ágúst 2019.

¹⁰⁶ Fjölur Torfason, 2019 munnleg heimild.

¹⁰⁷ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 6.

Auðkennisnúmer: 2093:029

„Fjárhústóttin, sem var í mörkum milli Neðratúns á Gerði og Breiðabólstaðar, fékk á síðari árum nafnið Trjátótt, af því að rekatrjám á Breiðabólstaðarfjörum var ekið þangað á vetrin.“¹⁰⁸ Þórbergur segir svo frá tóftinni: „Breiðabólstaðarbæirnir áttu saman fjöru. Hún hét Breiðabólstaðafjara, og þeir skiptu jafnt á milli sín því sem rak á hana. Rekaspýtur voru stundu látnar safnast fyrir á fjöruna. Svo voru þær dregnar á sleða upp að Trjátótt og geymdar þar, þangað til þeim var skipt. Þess vegna hét tóttin Trjátótt. Í Suðursveit voru ástæður til allra hluta, og einfaldar ástæður höfðu einfaldar afleiðingar, eins og hjá Guði. Á Norðurlandi hefði svona tótt líklega verið kölluð Kjörviðarvirki.“¹⁰⁹

Staðsetning: A 645453.274 – N 406126.182

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Trjátótt*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: illgreinanlegar minjar

Tegund annað: tóft

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: fjárhús

Hlutverk annað: lambhús

Lýsing: Meint staðsetning er neðst í túninu á mörkum Breiðabólstaðar og Gerðis. Þar hallar landi niður að lóninu, fast við túngirðingu sem skilur túnin að (sjá mynd 9 og 31b).

Auðkennisnúmer: 2093:030

„Austan við Bakka fellur Loftstóttalækur. Við upptök hans standa Loftstættur, fjárhús.“¹¹⁰ Þórbergur spurði: „Hver var Loftur? Hvenær lifði Loftur? Því gat enginn svarað.“¹¹¹

Staðsetning: A 644640.920 – N 406161.301

Friðlýst: nei

Sérheiti: *Loftstættur*

Ástand: vel greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,8 m

Hlutverk: fjárhús

Vegghæð til: 1,6 m

Hlutverk annað: sauðahús

Veggjabreidd: 1,0 m

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1980

Hætta: hætta vegna rasks


Lýsing: Einhólfa tóft, hlaðin úr grjóti og torfi með 11 m löngum steypum garða í henni miðri (mynd 10). Stærð tóftarinnar er um 19 m á lengd og 11 m á breidd þar sem hún er breiðust, í hlöðurymi í norður enda tóftarinnar. Hæð allra veggja er svipuð (sjá uppmælingu af tóftinni á mynd 32b). Tóftin liggur N-S og dyr snúa til suðurs. Mannvirkið er farið að láta á sjá og hleðslur hafa runnið í sundur og grjót hrunið úr veggjum. Mikill gróður er í tóftinni (sjá mynd 32a).

¹⁰⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 7.

¹⁰⁹ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 198.

¹¹⁰ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 2.

¹¹¹ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 22.



Mynd 32a-b. a) Loftstættur, horft til norðausturs. Ljós. SGB, ágúst 2019. b) Uppmæling minja 030, fjáhús og hlaða.

Auðkennisnúmer: 2093:031

„Norðan við Aurinn stendur Helghóll. ... Við þjóðveginn er gróin hæð, er líkist bát á hvolfi nema miklu stærri; heitir hún Helgaleiði. Það er skammt vestan við Helghól (um 100 metra). Munnmæli segja að þar hafi verið heygður bóndi að Reynivöllum, Helgi að nafni, af Breiðabólsstaðarbændum, sem sátu fyrir honum vestan í Helghól og drápu hann. Orsökina er talin ágangur hans í beit á Breiðabólsstaðarlandi.“¹¹² Þórbergur segir svo frá Helgaleiði: „Hún [þúst] var nokkuð mikil um sig, en ekki há, breiðust um miðjuna, en mjókkaði til beggja enda. Hún virtist vera gamalt og uppgróið hlaup úr fjallinu, ævargamalt. En hún var alltaf kölluð Helgaleiði, og þar undir átti Helgi að vera grafinn og báti hvolft yfir hann. Kannski hefur leiðið verið þarna og hlaup runnið yfir það. Sagan um Helga hefur varla orðið til af engu. Það var ekki siður í Suðursveit að ljúga upp sögum. Þetta var eina mannvígið, sem menn vissu til að unnið hefði verið í sveitinni.“¹¹³

Staðsetning: A 644695.642 – N 406312.532

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Helgaleiði*

Friðlýst: nei

Tegund: þjóðsaga

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund annað: örnefni

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: legstaður

Lýsing: Helgaleiði er lágreist ávöl hæð eða þúst í túni, um 20 m suður af þjóðvegi 1 (sjá mynd 10 og 33a). Hæðin er innan við hálfan metra á hæð og stendur efst í ræktuðu túni, fast við túngirðinguna. Upplýsingaskilti hefur verið sett við hæðina sem segir frá sögunni af Helga og baráttu Breiðabólsstaðabænda við ágangi hans í túnin þeirra.

¹¹² Ö-skrá, Breiðabólsstaður – 2-3.

¹¹³ Þórbergur Þórðarson 1957, bls. 21.



Mynd 33a-b. a) Helgaleiði, norðvestan Helghóls. Horft í átt að Fellsfjalli og Vatnajökli. b) Helghóll séður frá Innra Rofi. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:032

„Norðan við Aurinn stendur Helghóll. ... Við þjóðveginn er gróin hæð, er líkist bát á hvolfi nema miklu stærri; heitir hún Helgaleiði. Það er skammt vestan við Helghól (um 100 metra). Munnmæli segja að þar hafi verið heygður bóndi að Reynivöllum, Helgi að nafni, af Breiðabólssstaðarbændum, sem sátu fyrir honum vestan í Helghól og dráðu hann. Orsök er talin ágangur hans í beit á Breiðabólssstaðarlandi.“¹¹⁴

Þórbergur Þórðarson lýsir Helghól eftirfarandi: „Þessi hóll var brattur sunnanmegin og að mestu leyti nakið grjót, hann var líka brattur til endanna, en norðanmegin hafði hann hægna halla niður að fjallsrótunum, vaxinn mosa og grasi og prýddur nokkuð stórum steinum á víð og dreif, og á einum stað norðan í hólnum miðjum sást undirstaða lítillar réttar ævargamallar. ... Þessi hóll, ... var kallaður Helghóll. En fólk sagði það ætti að segja Helgahóll.“¹¹⁵ „Og Helghóll var líka tveir heimar. Þar voru huldufólksbyggðir. Það fullyrti Oddný gamal á Gerði, sem var bæði skyggn og stórvitur, og það sögðu fleiri. Og við Helghól hafi ýmislegt komið fyrir, sem gaf til kynna, að þar væru fleiri á stjái en jarðlífsverur.“¹¹⁶ Miðaftan frá Hala var á Helghól áður en klukka kom á Breiðabólssstaðabæi.¹¹⁷

Staðsetning: A 644886.176 – N 406281.778

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Helghóll

Friðlýst: nei

Tegund: þjóðsaga

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund annað: örnefni

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: aftökustaður / huldufólksbústaður

Hlutverk annað: eyktarmark

¹¹⁴ Ö-skrá, Breiðabólssstaður – 2-3.

¹¹⁵ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 19-20.

¹¹⁶ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 26.

¹¹⁷ Ö-skrá, Breiðabólssstaður – 6.

Lýsing: Vestan heimatúnanna tæpum 100 m sunnan við Þjóðveg 1 er Helghóll (sjá mynd 10). Hóllinn er grasi gróinn klapparhóll, brattur að sunnan en hallar aflíðandi til norðurs í átt að fjallsrótum (mynd 33b). Norðan í Helghól eru leifar af gömlum réttum.



Mynd 34a-b. a) Steinalögnin er talin vera forn hofhringur. b) Gamla Helghólsréttin norðan í Helghól. Horft til norðvesturs yfir réttina og í átt að Fellsfjalli. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:033

Norðan í Helghól eru 2 hringlaga steinalagnir, minjar um réttir. Þórbergur lýsir í minningum sínum þessum réttum: „... á einum stað norðan í hólnum miðjum sást undirstaða lítillar réttar ævargamallar. Steinarnir lágu þar ennþá alveg eins og þeir höfðu verið lagðir, þegar réttin var byggð. Hvenær? Það vissi enginn. En þetta voru miklir sögusteinar.“¹¹⁸

Staðsetning: A 644822.553 – N 406314.494

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: steinalögn

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund annað: tóft

Hætta: hætta vegna rasks

Hlutverk: óþekkt

Hlutverk annað: hofhringur

Lýsing: Steinalögn norðan í Helghól, stærð steina frá 0.1 m til 0.3 á hæð, meðalbreidd um 0.5 m (mynd 10 og 34a). Steinalögnin er talin ævagamall hofhringur samkvæmt heimildamanni.

¹¹⁸ Þórbergur Þórðarson 1957, bls. 19.

Auðkennisnúmer: 2093:034

Norðan í Helghól eru 2 hringlaga steinalagnir, minjar um réttir. Þórbergur lýsir í minningum sínum þessum réttum: „Norðan á hólum dálítið vestar í litlum bug var réttin, sem þá var réttað í heima við á Breiðabólstaðarbæjunum, og einn dilkur við hana. Réttardyrnar snöru á móti vestri, og vestur frá þeim var rennisléttur bali, undursamlega fallegur.“¹¹⁹

Staðsetning: : A 644861.985 – N 406316.450

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Helghólsrétt*

Friðlýst: nei

Tegund: steinalögn

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: fjárrétt

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Norðan í Helghól, vestar en steinalögn 033 er önnur steinalögn sem myndar réttarveggina á þrjá vegu en er opin til vesturs (mynd 34b). Hæð steina er frá 0.2 til 0.5 m og meðalbreidd um 0.5 m. Útlínur réttarinnar eru sýndar á mynd 10.

Auðkennisnúmer: 2093:035

Norðaustan í Helghól er um 45 m löng steinalögn (sjá mynd 10).

Staðsetning: A 644939.577 – N 406335.817

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: steinalögn

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: óþekkt

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Steinarnir liggja frá 20–50 cm millibili, samtals um 12–15 steinar. Hæð steina er frá 20–50 cm og mynda nokkuð beina línu austast á barðinu við Helghól þar sem landi tekur að halla til austurs að túnum í Innra Rofi (mynd 35). Ekki er hægt að útiloka að hér sé um leifar af vörslugarði frá Stekknum sem var suðaustan við Helghólinn (sjá minjar 037 og 038).



Mynd 35. Steinalögnin austast í Helghól. Ljós m. SGB, ágúst 2019.

¹¹⁹ Þórbergur Þórðarson 1957, bls. 19.

Auðkennisnúmer: 2093:036

Í örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Innra-Rof er austan í Helghól og nær austur að gamla túninu. ... Innst á Rofinu í kvos, sem gengur að Helghól er Stekkur, þar sem lömbum var stíað í. Stekkinn tók af vegna þess, að aldrei mátti byrgja lamb þar yfir nótt, þá var hann opinn að morgni. Þessa sögu sagði Oddný á Gerði. Síðan var stekkurinn fluttur lengra norður í hólinn, og var þá ekki neitt á neinu. Þar var stíað í tíð Steinþórs, fram úr.“¹²⁰

Staðsetning: A 644961.277 – N 406328.360

Ástand: vel greinanlegar minjar

Sérheiti: Helghólshús

Vegghæð frá: 0,6 m

Tegund: tóft

Vegghæð til: 1,4 m

Hlutverk: fjárhús


Veggjabreidd: 0,6 m

Aldur frá: 1850 - **Aldur til:** 1965

Hætta: hætta vegna rask

Friðlýst: nei

Lýsing: Helghólshús er einhólfa tóft, stærð 7,5 m á lengd og 4,7 á breidd þar sem hún er breiðust (sjá uppmælingu á mynd 36a). Veggjahleðslur eru nokkuð heillegar en byrjaðar að renna í sundur. Tóftin stendur í órækt vestan í jaðri ræktaðs túns, með legu NV – SA, dyr snúa mót suðaustri. Mikill gróður er í og kringum tófina (sjá mynd 36b).



Mynd 36a-b. a) Helghólshús, uppmæling af tóft 036. b) Horft frá Helghól yfir Helghólshús. Mikill gróður er í og utan við tóftina en hún stendur í óræktuðu túni. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:037

„Innst á Rofinu í kvos, sem gengur að Helghól er Stekkur, þar sem lömbum var stíað í. Stekkinn tók af vegna þess, að aldrei mátti byrgja lamb þar yfir nótt, þá var hann opinn að morgni. Þessa sögu sagði Oddný á Gerði. Síðan var stekkurinn fluttur lengra norður í hólinn, og þar þá ekki neitt á neinu. Þar var stíað í tíð Steinþórs, fram úr.“¹²¹

¹²⁰ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 3-4.

¹²¹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 3-4.

Staðsetning: A 644967.536 – N 406289.729

Sérheiti: Stekkur

Tegund: tóft

Hlutverk: stekkur

Hlutverk annað: lambhús

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar


Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 0,6 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Einhólfa vallargróin tóft með hleðslur útflattar og hlaupnar í þúfur (sjá myndir 37 og 38a).



Mynd 37. Uppmælingar af tóft 037 og garðlagi 038 í Stekk á Innra Rofi.

Auðkennisnúmer: 2093:038

„Innst á Rofinu í kvos, sem gengur að Helghól er Stekkur, þar sem lömbum var stíað í. Stekkinn tók af vegna þess, að aldrei mátti byrgja lamb þar yfir nótt, þá var hann opinn að morgni. Þessa sögu sagði Oddný á Gerði. Síðan var stekkurinn fluttur lengra norður í hólinn, og var þá ekki neitt á neinu. Þar var stíað í tíð Steinþórs, fram úr.“¹²²

¹²² Ö-skrá, Breiðabólstaður – 3-4.

Staðsetning: A 644958.999 – N 406275.726

Sérheiti: Stekkur

Tegund: garðlag

Hlutverk: aðhald

Hlutverk annað: stekkur

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 0,8 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Garðlagið er um 26 m á lengd og liggur niðri í kvosinni suðaustan við Helghól (sjá myndir 10 og 38b). Steinalagnir liggja bæði að garðinum niður af Helghólum að norðanverðu og áfram suðaustur í túnbarðið á Rofinu. Steinalögnin er regluleg og bein, uppmæling af garðlaginu er á mynd 37.



Mynd 38a-b. a) Vallargróin tóft 037 í Stekk, austan við Helghól. b) Horft yfir Stekk af austurbrún Helghóls. Garðlag 038 er fyrir miðri mynd. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:039

Í örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Innra-Rofi er austan Helghóls og nær austur að gamla túninu. Þar eru nú kartöflugarðar og fjárrétt.“¹²³ Samkvæmt heimildamanni var áður nátthagi þar sem kartöflugarðurinn var, efst á Innra-Rofinu, austan við Helghólhúsið. Kartöflugarðurinn var í notkun á árunum 1940–1960.¹²⁴

Staðsetning: A 645021.892 – N 406345.543

Sérheiti: Nátthagi

Tegund: heimild

Hlutverk: nátthagi

Hlutverk annað: matjurtagarður

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1960

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Búið er að slétta yfir allar minjar og þar er nú ræktað tún (mynd 39a).

¹²³ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 3.

¹²⁴ Fjölnir Torfason, 2019 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2093:040

„Það var eitt með öðru, hvað fé gekk illa inn í réttina norðan í hólnum [Helghólsrétt], og það ágerðist svo með árunum, að það varð að leggja réttina niður og koma upp rétt á öðrum stað, og svoleiðis gera menn ekki að gamni sínu, því að það er mikið verk að byggja rétt. Engin sýnileg ástæða fannst mér fyrir þessari styggð, sem kom að fénu, þegar átti að reka það inn í réttina.“¹²⁵

Staðsetning: A 645085.119 – N 406314.610

Aldur frá: 1900 - **Aldur til:** 1960

Sérheiti: *Helghólsrétt*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: rétt

Hætta: engin hætt

Lýsing: Réttin stóð suðaustur af nátthagannum, nú er þar ræktað tún (sjá mynd 10 og 39b).



Mynd 39a-b. a) Nátthaginn, efst í Innra-Rofi. Nú er þar ræktað tún. b) Yngri Helghólsréttin stóð sunnan við Nátthagann. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:041

„Virðingarbali ... er smáhæð norðan við þjóðveginn, skammt vestur af Helgaleiði. Þar var áfangastaður langferðamanna, meðan lestaferðir voru farnar.“¹²⁶

Staðsetning: A 644479.897 – N 406357.878

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Virðingarbali*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Tegund annað: örnefni

Hætta: engin hætt

Hlutverk: áning

Lýsing: Nú sléttur bali vestan við Helgaleiði. Fyrrum lá þjóðleiðin sunnan við Virðingarbalann samanber örnefnaskrá en nú liggur vegurinn norðan við hann (sjá yfirlitskort á mynd 3). Um Virðingarbalann skrifar Þórbergur: „Enginn vissi, hvers vegna hann hét Virðingarbali. Það hafði enginn heyrt, að þar

¹²⁵ Þórbergur Þórðarson, 1957, bls. 26.

¹²⁶ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 3.

hefði farið fram virðing á einhverju. Þorleifur í Hólum giskað á, að þetta væri afbökun úr Viðringarbali. Þarna hefðu Örnefingar viðrað fatnað sinn og farangur eftir rigningu og volk í vötnum.¹²⁷

Auðkennisnúmer: 2093:042

Kvennaskáli er hvammur rétt norðan við Virðingarbala (041) ofan við Þjóðveg 1 (sjá yfirlitskort á mynd 3). Í örnefnaskrá segir að þegar konur voru á ferð á milli bæjanna Reynivalla og Breiðabólsstaðar, fylgdu þær hvor annarri áleiðis og skildu við Kvennaskálastein.¹²⁸

Staðsetning: A 644175.897 – N 406597.587

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Kvennaskálasteinn

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund annað: örnefni

Hætta: engin hætta

Hlutverk: áning

Lýsing: Steinninn er um 1 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Hann liggur neðarlega í Kvennaskála, um 54 m ofan við Þjóðveg 1 (sjá yfirlitskort á mynd 3).

Auðkennisnúmer: 2093:043

Norðan við Helghól og ofan heimatúna Breiðabólsstaðabæja lá gamla Þjóðleiðin um Suðursveitina. Í minningum Þórbergs var alfaravegurinn „ekki búinn til af vegavinnuöðnum. Hann var gata með náttúrulegum hlykkjum og bugðum, sem fætur hesta, kúa, kinda og manna höfðu verið að hugsa og skapa í hundruð ára. Þetta var lifandi vegur, og það var hægt að ríða hann hart.“¹²⁹

Staðsetning: A 644937.164 – N 406375.895

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

A 645362.896 – N 406676.016

Friðlýst: nei

A 646064.639 – N 406850.422

Ástand: greinanlegar minjar

Sérheiti: „Gamla Þjóðleið“

Hætta: hætta vegna rasks

Tegund: gata

Hlutverk: leið

Lýsing: Allfaraleiðin um Suðursveitina lág sem fyrr millum fjallshlíðar og mýrlendis undir Breiðabólsstaðarfjalli. Á áttunda áratug síðustu aldar var Þjóðvegurinn færður á þann stað sem hann er nú, á köflum fyrir ofan gömlu leiðin en annars staðar fyrir neðan hana. Gamli vegurinn er sýnilegur á tæpum 300 m kafla norðan Helghóls (mynd 40a) en hverfur við túnjaðarinn ofan við gamla nátthagann. Við innkeyrsluna að Breiðabólsstaðarbæjum kemur hann í ljós norðan við Þjóðveginn, vestan Gvendarbrunnis á 280 m kafla. Tæplega hálfum km austar verður vegstæðið greinilegt á ný á um

¹²⁷ Þórbergur Þórðarson, 1957 bls. 34.

¹²⁸ Ö-skrá, Breiðabólsstaður - 11

¹²⁹ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 226.

240 m kafla. Neðan við Borgarhvatn hverfur gamli vegslóðinn undir núverandi þjóðveg (sjá yfirlitskort á mynd 3).



Mynd 40a-b. a) Horft austur með gamla þjóveginum norðan í Helghól. b) Gamlastekkatún, horft til suðurs. Ljós. SGB, sept.2019.

Auðkennisnúmer: 2093:044

„Neðan við Smákletta er Gamlastekkatún. Þar var stekkatún, þar til það var flutt niður á Helghól, ...“¹³⁰

Staðsetning: A 644959.268 – N 406475.180

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1900

Sérheiti: Gamlastekkatún

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: stekkur

Hætta: engin hætt

Lýsing: Gamlastekkatún er í fjallshlíðinni norðan við þjóðveginn upp af Nátthaga, nú skógræktarland (mynd 40b). Engar minjar eru sjáanlegar í Gamlastekkatúni.

Auðkennisnúmer: 2093:045

Ofar í hlíðinni norðaustan við Gamlastekkatún er grjóthlaðin hringlaga tóft. Samkvæmt frásögn heimamanna er tóftin af fiskibyrgi.¹³¹

Staðsetning: A 645001.484 – N 406539.739

Friðlýst: nei

Sérheiti: Fiskibyrgið

Ástand: greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,6 m

Hlutverk: herslubyrgi

Vegghæð til: 1,0 m

Hlutverk annað: fiskibyrgi

Veggjabreidd: 0,8 m


Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Hætta: hætt vegna rasks

¹³⁰ Ö-skrá Breiðabólstaður – 12.

¹³¹ Fjölnir Torfason, 2109 munnleg heimild.

Lýsing: Tæpum 80 m austan við Gamlastekkatún er grjóthlaðin hringlaga tóft, um 70 m ofan við þjóðveg 1 (sjá kort 2 á mynd 10). Stærð tóftar 2,5 x 3,5 m og er nú innan skógræktarsvæðis í fjallshlíðinni ofan heimatúnanna (sjá myndir 41a-b).



Mynd 41a-b. a) Uppmæling af hringlaga tóft 045. b) Fiskibyrgið ofan við þjóðveg, horft til norðausturs. Ljós. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:046

Ofan við Þórbergssetur er túnið Flötur (sjá kort 3 á mynd 11). Samkvæmt frásögn heimildamanns eru dældir í túninu, u.þ.b. 20 m ofan við húsið, sem heimamenn kunna ekki skýringu á. Þau segja dældirnar mjög greinilegar í haust og vorbirtunni þegar sól er fremur lágt á lofti. Dældirnar eru 2 jafnvel 3 og liggja í beinni línu frá austri til vesturs. Samskonar dældir eru í túninu austan við heimkeyrsluna að Breiðabólstaðabæjum, í túninu Böllum norðan við Hala. Enn austar í túninu, upp af Glompu norðan Gerðis eru álíkar dældir í túni. Engar heimildir eru fyrir mannvirkjum á þessum stöðum svo vitað sé.

Staðsetning: A 645167.833 – N 406443.195

Sérheiti: Flötur

Tegund: frásögn

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Óljós ummerki voru sjáanleg á vettvangi (sjá mynd 42a) en úttektin fór fram að sumri þegar birtuskilyrði eru með öðru móti en að vetri.



Mynd 42a-b. a) Flötur norðan við Þórbergssetur, horft til norðvesturs. b) Hvíti hliðstaurinn hægra megin á mynd sýnir hvar mannvistarleifarnar komu í ljós. Ljós. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:047

Samkvæmt frásögn Fjölnis Torfasonar, bónda á Hala, var komið niður á steinhlaðið gólf þegar tekið var fyrir hliðstaur vestan megin við heimkeyrsluna að Breiðabólsstaðarbæjum (sjá mynd 11).¹³² Að sögn Fjölnis voru einnig sjáanleg ummerki um öskuhaug. Heimildamaður telur að hér séu um mjög gamlar minjar að ræða þar sem þær lágu undir gjóskulagi Ö-1362.

Staðsetning: A 645225.198 – N 406440.460

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: frásögn

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: óþekkt

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Hliðstaurinn er í um 50 m fjarlægð austan við staðsetningu á dæld í skráningu 046 (mynd 42b).

Auðkennisnúmer: 2093:048

„Austan við Rofið er Láginn, en norðan við Rofið, Stöðullinn. Efst og austast á Stöðli standa fjárhús og hlaða, sem heita Kvíar. Þar voru áður kvíar, sem ær voru mjólkaðar í.“¹³³

Staðsetning: A 645232.461 – N 406388.241

Aldur frá: 850 – **Aldur til:** 2006

Sérheiti: Kvíar

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: kvíar

Hætta: engin hætta

Hlutverk annað: fjárhús og hlaða

¹³² Fjölnir Torfason, 2019 munnleg heimild.

¹³³ Ö-skrá, Breiðabólsstaður – 4.

Lýsing: Fjárhúsin og hlaðan á Stöðli voru reist 1957 en felld árið 2006. Nú er þar ræktað tún og akvegur sem liggur þvert yfir Stöðulinn til vesturs (mynd 43).



Mynd 43. Horft yfir Stöðul til suðurs. Á Stöðli voru fyrrum kvíar, síðar fjárhús og hlaða, en vestarlega voru leifar af gömlum túngarði. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:049

Að sögn Torfhildar Hólm Torfadóttir, sem er alin upp á Hala, var brot af gömlum túngarði vestarlega á Stöðli.¹³⁴ Garðurinn lá í stefnuna N-S og segist Torfhildur muna vel eftir því að garðurinn var nokkuð hár.

Staðsetning: A 645196.727 – N 406374.744

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Stöðull

Friðlýst: nei

Tegund: frásögn

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: túngarður

Hætta: engin hætta

Lýsing: Búið er að slétta yfir allar minjar og eldri byggingar sem stóðu á Stöðli (mynd 43). Nú er þar ræktað tún og akvegur sem liggur þvert yfir Stöðulinn til vesturs.

¹³⁴ Torfhildur Hólm Torfadóttir, 2019 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2093:050

Í örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Á Rofi voru tvö fjárhús, annað 12 kinda, hitt 16.“¹³⁵ Í endurminningum sínum, lýsir Þórbergur Rofahúsunum á eftirminnilegan hátt: „Rofahúsin voru næstum efst á Eystrarofinu. Þau stóðu svolítið hærra en bærinn. Þaðan var víðsýnt og fallegt að horfa niður eftir túninu og yfir Lónið og út á Breiðamerkursand. Þarna voru lömbin höfð og ég held líka veturgamlar kindur. Maður sá greinilega, að hvert hús á túninu hafði sinn persónulega svip og sitt sérstaka sálarlíf, þegar maður horfði vel á þau eða þurfti að fara inn í þau. Vestra Rofhúsið var glaðlegt og hreinskilið, en eystra húsið var þungbúið og leit út eins og það væri að leyna mann einhverju, sem ekki væri fallegt og það ætlaði að opinbera allt í einu einhverntíma, þegar verst stæði á fyrir manni.“¹³⁶

Staðsetning: A 645158.348 – N 406255.285

Aldur frá: 1 800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Rofahúsin*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Búið er að slétta yfir allar minjar eftir Rofahúsin (sjá kort 3 á mynd 11 og mynd 44a).



Mynd 44a-b. a) Horft til norðvesturs yfir Rofið. Rofahúsin stóðu efst á Rofinu, afmarkað með rauðum hring. b) Eldiviðarflöt, sunnan Hala. Þar var þurrkað kúatað. Ljósm. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:051

„Austan við Lágina er Eldiviðarflötur; þar var kúatað þurrkað á vorin.“¹³⁷

Staðsetning: A 645295.569 – N 406269.098

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Eldiviðarflötur*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: þurrkvöllur

Hætta: engin hætta

Hlutverk annað: tún

Lýsing: Í dag er Eldiviðarflöt/-ur ræktað tún (mynd 44b).

¹³⁵ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

¹³⁶ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 154-156.

¹³⁷ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 4.

Auðkennisnúmer: 2093:052

„Neðst á Eldiviðarflöt stóð eitt sinn bærinn Litli-Hali. Tún hans var talið Vondaskák, sem liggur sunnan að Eldiviðarflöt, Sagt er, að bóndi hefi heitað Bjarni, er bjó þar um stuttan tíma. Síðan byggði faðir Steinþórs kálgarð á þessum stað.“¹³⁸

Staðsetning: A 645270.313 – N 406246.967

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1900

Sérheiti: Litli-Hali

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: húsmannsbýli

Hætta: engin hætta

Lýsing: Nú er ræktað tún þar sem Litli-Hali er talinn hafa staðið á sínum tíma (sjá myndir 11 og 45a).



Mynd 45a-b. a) Talið er að Litli-Hali hafi staðið vestast í Eldiviðarflöt. b) Neðst í Eldiviðarflöt stóð Stjarnahesthús, þar mótar fyrir minjum, sjá rauðan hring. Ljósm. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:053

„Neðst á Eldiviðarflöt var hesthús, kallað Stjaddnahesthús (eftir hestinum Stjarna).“¹³⁹ Þórbergur segir frá hesthúsinu í bók sinni *Steinarnir tala*: „Litinn kipp suður-suðvestur frá bænum var hesthús með kálgarði fyrir framan. Þar voru gulrófur látnar spretta. Það hét Stjarnahesthús. Þar var Stjarni hafður á næturnar og oft annað hross hjá honum. ... Í þessu húsi var kötturinn hengdur. Mér leið samt aldrei illa í því.“¹⁴⁰

Staðsetning: A 645298.704 – N 406217.637

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Stjarnahesthús

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Tegund annað: tóft

Hætta: engin hætta

Hlutverk: hesthús og kálgarður

Lýsing: Búið er að slétta yfir hesthúsið og kálgarðinn (sjá mynd 45b). Minjastaður er nú í ræktuðu túni.

¹³⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 4-5.

¹³⁹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

¹⁴⁰ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 156.

Auðkennisnúmer: 2093:054

Í örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Í Stóruskák á Hala voru tvö fjárhús, fyrir 18 kindur hvort.“¹⁴¹ Og áfram lýsir Þórbergur húsakostinum í túnum Breiðabólstaðabæja: „Hér um bil 80 faðma fyrir neðan Stjarnahesthúsið, í suður-suðvestur frá því var syðra Stórskákarhúsið. Það var fjárhús og stóð á barði vestast á túninu. Það var alltaf létt yfir mér, þegar ég stóð hjá þessu Stóruskákarhúsi. Útsýnið í vestur var svo vítt og fagurt, barðið, sem það stóð á, reis lítið eitt, húsið sjálft bauð af sér góðan þokka, Lónið lá svo fallega við og Suðurhúsataættarnar á Breiðabólstað voru skammt fyrir neðan með hugsanir aldanna, allt frá Hrollaugi, syni Rögnvalds jarls á Mæri, til Steins Þórðarsonar.“¹⁴²

Staðsetning: A 645248.002 – N 406114.283

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Syðra Stóruskákarhús*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engin hætt

Lýsing: Stóruskák (mynd 46) er nú ræktað tún og engar minjar eftir í túninu.



Mynd 46. Í Stóruskák, sunnan Eldiviðarflatar stóðu tvö fjárhús. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:055

Í örnefnaskrá fyrir Breiðabólstað segir: „Í Stóruskák á Hala voru tvö fjárhús, fyrir 18 kindur hvort.“¹⁴³ Eystra Stóruskákarhúsið hafði önnur áhrif á Þórberg en það vestra (054). „Það var þyngra yfir mér, þegar ég stóð hjá eystra Stóruskákarhúsinu. Það var 42 faðma fyrir austan syðra húsið og hér um bil í hásuður frá Halabænum. Það stóð svolítið lægra en syðra húsið og var dálítið skuggalegra og stemmningin í kringum það var ekki upplyftandi. Þaðan var svona einnar mínútu gangur niður að Breiðabólstað.“¹⁴⁴

¹⁴¹ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

¹⁴² Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 157-158.

¹⁴³ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

¹⁴⁴ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 158.

Staðsetning: A 645271.676 – N 406132.250

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Eystra Stóruskákarkhús*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Stóraskák er nú ræktað tún og engar minjar eftir í túninu (mynd 46).

Auðkennisnúmer: 2093:056

Samkvæmt Steinþóri Torfasyni bónda á Hala sem ólst þar upp, stóð hesthús neðst og vestast í Stóruskák áður fyrr.¹⁴⁵

Staðsetning: A 645223.052 – N 406101.312

Aldur frá: 1900 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: hesthús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Nú er þar ræktað tún (sjá kort 3 á mynd 11) og ekkert sést til minja.

Auðkennisnúmer: 2093:057

„Einhverntíma fyrr á öldum, það vissi enginn hvenær, hafði verið hlaðinn allmikill túngarður norður með endilöngum vesturjaðri túnanna, neðan frá Lóni upp að Hala, og jafnvel líka austur með norðurjaðri þeirra, því að á barðinu austan við Halabæinn sást móta fyrir ævagömlum garðleifum. Þessi garður stóð ennþá, þó víða orðinn skældur og hrörlegur, upp undir syðra Stókuskákarkhúsið og hafði varið þann hluta túnsins fyrir uppblæstri.“¹⁴⁶

Staðsetning: A 645229.370 – N 406116.374

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: túngarður

Hætta: engin hætta

Lýsing: Sá hluti túngarðsins vestast á barðinu í Stóruskák sem ofar er lýst er með öllu horfinn (sjá kort 3 á mynd 11).

¹⁴⁵ Steinþór Torfason, 2019 munnleg heimild.

¹⁴⁶ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 157.

Auðkennisnúmer: 2093:058

„Austan við Gatnatún vestra er Mjósa, eign Breiðabólstaðar, mjó og löng, austan við hana Eystra-Gatnatún, eign Hala og Breiðabólstaðar. ... Gatnatúnshús var í Gatnatúni eystra: 18 kindur.“¹⁴⁷

Staðsetning: A 645394.843 – N 406186.682

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Gatnatúnshús*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: : engin hætta

Lýsing: Ekki er vitað nákvæmlega hvenær Gatnatúnshúsið var felld. Búið er að slétta yfir en greina má mishæð í túninu sem vísar til staðsetningu þess (myndir 11 og 47a).



Mynd 47a-b. a) Gatnatúnshús stóð í Gatnatúni. b) Hundraðshesthús stóð í Hundraðstúni. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:059

„Ofan við Gatnatún kemur Hundraðstún, eign Hala og Lundar. Það átti að vera eitt hundrað úr jörðu að fornu mati, rúm dagslátt. ... Í Hundraðstúni var Hundraðshesthús, þar var hýstur Jarpur.“¹⁴⁸ Fyrir framan þetta hesthús var kálgarður, þar sem ræktaðar voru rófur, líkt og framan við Stjarnahesthús.¹⁴⁹

Staðsetning: A 645371.424 – N 406230.081

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: *Hundraðshesthús/Jarpshús*

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: hesthús

Hætta: engin hætta

Hlutverk annað: matjurtargarður

Lýsing: Þórbergur lýsir Hundraðshesthúsinu sem „húsi dapurlegra örlaga“ sem gréru við húsið og gengu mjög nærri honum í bernsku.¹⁵⁰ Húsið stóð í suðaustur frá Halabænum (sjá mynd 11), rétt austan við Stóruskákarhúsið eystra. Milli húsanna lá gatan frá Breiðabólstað upp til Hala. Í húsinu var Jarpur gamli, hestur Benedikts afa Þórbergs, hýstur á veturnar. Þórbergur lýsir átakanlegu dauðastríði hestsins

¹⁴⁷ Ö-skrá, Breiðabólstaður 6 – 8.

¹⁴⁸ Ö-skrá, Breiðabólstaður - 4 og 8.

¹⁴⁹ Ö-skrá, Breiðabólstaður - 8.

¹⁵⁰ Þórbergur Þórðarson, 1956 bls. 159-160.

og hvað hann vorkenndi Hundraðshesthúsinu. „Það hlaut að að sakna sárt þessa fallega, góða hests, sem það hafði breitt yfir hlýju um nætur margra ára og hlakkað til að sjá koma heim á kvöldin og úr löngum ferðalögum yfir vötn og sanda.“¹⁵¹ Mishæð í túni gefur vísbendingu um staðsetningu hússins en nú er þar ræktað tún (mynd 47b).

Auðkennisnúmer: 2093:060

„Í Stekkatúni á Breiðabólstað voru tvö fjárhús: Stekkatúnshús: annað tók 18 kindur, hitt 22.“¹⁵²

Staðsetning: A 645360.857 – N 406301.678

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Stekkatúnshús

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Húsin stóðu ofarlega í Stekkatúni. Mishæðir í túninu eru einu ummerkin eftir húsin (sjá myndir 11 og 48) en þau hafa staðið þar a.m.k. fram yfir 1935 en búið að fella þau árið 1943.



Mynd 48a-b. Stekkatún á Breiðabólstað, horft til NNA. Þar voru tvö fjárhús. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:061

„Í Stekkatúni á Breiðabólstað voru tvö fjárhús: Stekkatúnshús: annað tók 18 kindur, hitt 22.“¹⁵³

Staðsetning: A 645378.094 – N 406310.596

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Stekkatúnshús

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús

Hætta: engi hætta

Lýsing: Húsin stóðu ofarlega í Stekkatúni. Mishæðir í túninu eru einu ummerkin eftir húsin (sjá myndir 11 og 48) en þau hafa staðið þar a.m.k. fram yfir 1935 en búið að fella þau árið 1943.

¹⁵¹ Þórbergur Þórðarson 1956, bls. 173.

¹⁵² Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

¹⁵³ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 8.

Auðkennisnúmer: 2093:062

Heimild er fyrir sáðgarði fyrir framan bæjarhúsin á Hala.¹⁵⁴

Staðsetning: A 645296.311 – N 406342.660

Aldur frá: 1800 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Tegund annað: tóft

Hætta: engin hætta

Hlutverk: matjurtargarður

Lýsing: Matjurtargarðinum hefur verið breytt í blóma- og trjágarð (sjá mynd 49a) og nú girtur með vírgirðingu.



Mynd 49a-b. a) Framan við bæjarhúsin á Hala var matjurtargarður, nú eru þar tré og runnar. b) Fjósabali var austan við Hala, nú er þar íbúðarhúsalóð. Ljós. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:063

„Fjósabali [er] austan við bæinn á Hala; fjósið stóð austast í Bæjarþorpinu.“¹⁵⁵

Staðsetning: A 645316.791 – N 406358.311

Aldur frá: 1700 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Fjósabali

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjós

Hætta: engin hætta

Lýsing: Á Fjósabala stendur nú seinni tíma íbúðarhús, reist 1974 (sjá mynd 49b).

¹⁵⁴ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort.

¹⁵⁵ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 4.

Auðkennisnúmer: 2093:064

Tæpum 50 m norðan við Halabæinn stóðu fjárhús, hesthús og hlaða (kort 3 á mynd 11).¹⁵⁶

Staðsetning: A 645285.832 – N 406408.187

Aldur frá: 1936 - **Aldur til:** 1965

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: fjárhús, hlaða og hesthús

Hætta: engin hætta

Lýsing: Þar sem húsin stóðu áður er nú leikvöllur fyrir börn (mynd 50a).



Mynd 50a-b. a) Norðan við Halabæinn stóðu fjárhús og hlaða, nú leikvöllur. b) Brunnurinn var í lægðinni Bali. Ljósm. SGB, ágúst 2019.

Auðkennisnúmer: 2093:065

„Norðan við bæ á Hala er lægð, sem kölluð er Bali.“¹⁵⁷ Í þessari lægð, var brunnur (kort 3 á mynd 11).¹⁵⁸ Brunnurinn var tekinn úr notkun 1925 þegar vatn var leitt í bæinn.¹⁵⁹

Staðsetning: A 645341.741 – N 406405.827

Aldur frá: 1900 - **Aldur til:** 1925

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: frásögn

Ástand: ekki sést til minja

Hlutverk: vatnsból

Hlutverk annað: brunnur

Hætta: engin hætta

Lýsing: Nú er þar ræktað tún og engin ummerki um brunnin á vettvangi (sjá mynd 50b).

¹⁵⁶ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 199.

¹⁵⁷ Ö-skrá, Breiðabólstaður – 4.

¹⁵⁸ Fjölur og Torfhildur Hólm Torfabörn, 2019 munnleg heimild.

¹⁵⁹ Steinþór Þórðarson, 1970 bls. 193.

Auðkennisnúmer: 2093:066

„Norðan við Bala eru Balarnir, nýræktartún. Austast á Bølunum eru Háubalar. Þeir hafa myndast af landbroti, nú grónu. Þar býr huldufólk, og eru Háubalar því aldrei slegin sunnan í móti og ekki enn í dag.“¹⁶⁰ Í bókinni *Sálmurinn um blómið* lýsir Þórbergur Háubölum fyrir barnabarni sínu: „„Þarna bjó fólk, þegar hann Sobbeggi afi var lítill maður.“ segir Sobbeggi afi í Þjóðsögustíl. „Það var þetta fólk, sem enginn sá og enginn sér enn í dag nema menn með sterk augu. Og ef til vill býr það þarna ennþá. Það er gott að búa nálægt Halafólkinu. Það er aldrei með hávaða hér hjá Háubölunum. Og það slær aldrei og slítur aldrei upp fallegu grösin framan í þeim. Þau fá að lifa allt sumarið.““¹⁶¹

Staðsetning: A 645357.848 – N 406410.134

Aldur frá: 850 - **Aldur til:** 1950

Sérheiti: Háubalar

Friðlýst: nei

Tegund: náttúruminjar

Ástand: greinanlegar minjar

Hlutverk: álagablettur

